





Skýrsla um starfsemi Kennarasambands Íslands 2008-2011

5. þing KÍ / 6. - 8. apríl 2011 / Grand hóteli Reykjavík



EFNI

Stjórn KÍ	4
Starfsemi á skrifstofu KÍ	4
Kjaramál	11
Skólamál	13
Frá þingkjörnum nefndum og ráðum	19
Ýmsar nefndir	34
Erlent samstarf	40
Niðurlag	41
Fylgiskjal	42

Stjórn Kennarasambandsins 2008-2011

Að loknu þingi árið 2008 tóku eftirtaldir sæti í stjórn Kennarasambands Íslands:

Eiríkur Jónsson	Formaður
Elna Katrín Jónsdóttir	Varaformaður
Aðalheiður Steingrimsdóttir	FF
Björg Bjarnadóttir	FL*
Björk Óttarsdóttir	FL*
Haukur Már Haraldsson	FF
Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson	SÍ
Ólafur Loftsson	FG
Stefán Andrésson	FS
Sigrún Grendal	FT
Valgeir Gestsson	FG
Þórður Á. Hjaltsted	FG

*Eftir skipulagsbreytingar hjá FL sem leiddu til stofnunar Félags stjórnenda leikskóla urðu þær breytingar á stjórn KÍ að Marta D. Sigurðardóttir sem kjörin var nýr formaður FL tók sæti Bjargar Bjarnadóttur í stjórn KÍ og Hanna Berglind Jónsdóttir tók sæti Bjarkar Óttarsdóttur. Þá tók Ingibjörg Kristleifsdóttir sem kjörin var formaður FSL sæti í stjórn KÍ með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórn hefur haldið alls 36 hefðbundna stjórnarfundum frá síðasta þingi til ársloka 2010. Á stjórnarfundum eru tekin til afgreiðslu öll mál er varða starfsemi Kennarasambandsins. Sá háttur hefur verið hafður á um mál sem berast Kennarasambandinu en varða í raun aðeins hluta aðildarfélaga að þeim er vísað til stjórna viðkomandi félaga til afgreiðslu. Þetta hefur í för með sér að sé leitað eftir tilnefningu í nefnd eða starfshóp, og sérstaklega óskað eftir kennara eða stjórnanda af tilteknu skólastigi, þá skipar viðkomandi stjórn fulltrúann en hann er engu að síður fulltrúi Kennarasambandsins.

Ekki verður gerð grein fyrir efni stjórnarfundum í skýrslu þessari að öðru leyti en fram kemur í henni.

Starfsemi á skrifstofu Kennarasambandsins í Kennarahúsinu

Segja má að nú sé búið að innleiða þær breytingar í starfsemi Kennarasambandsins sem lagt var til að gerðar yrðu í skýrslu ParX. Þannig hefur verið fest í sessi skipting starfseminnar í Félags- og þjónustusvið og einnig hafa verið gerðir þjónustusamningar við alla sjóði KÍ og aðildarfélaga þess (nema vinnudeilusjóð). Samhliða þeirri samningsgerð hefur verið gengið þannig frá skipulagi að fleiri en einn starfsmaður geti sinnt afgreiðslu hvers sjóðs þannig að tryggt sé að leyfi eins starfsmanns leiði ekki til þess að þjónusta skerðist. Þá hefur verið samþykkt sérstök þjónustustefna vegna starfsemi Kennarasambandsins en um hana verður fjallað í sérstökum kafla hér á eftir.

Það sem helst háir starfsemi á skrifstofunni nú er skortur á vinnurými en afar þröngt er um marga starfsmenn hússins. Lengi hefur verið til skoðunar hvort hægt væri að byggja við Kennarahúsið og í því sambandi má nefna að fyrir liggja teikningar af stórum fundarsal sem hægt væri að koma fyrir undir núverandi bílastæðum. Enn sem komið er hefur öllum hugmyndum um viðbyggingar verið hafnað en meiningin er að láta enn og aftur reyna á málið nú þegar fyrirhugað er að ráðast í framkvæmdir á Landspítalalóðinni.

Þjónustustefna KÍ

Fjórdða þing KÍ fól stjórn KÍ að móta þjónustustefnu fyrir Kennarasamband Íslands og Kennarahúsið með hliðsjón af skýrslu ParX. Stjórn KÍ fól þeim Hannesi Þorsteinssyni, Ingibjörgu Úlfarsdóttur, Ragnhildi S. Björnsdóttur og Þórði Hjaltsted að vinna að stefnunni. Stjórn KÍ samþykkti síðan eftirfarandi stefnu:

Hagsmunir félagsmanna og aðildarfélag KÍ skulu vera í fyrirrúmi. Lögð skal áhersla á að KÍ sé traustur og ábyrgur aðili sem gegnir mikilvægu hlutverki við að verja og auka réttindi félagsmanna sinna.

- KÍ veiti sem besta þjónustu með hagkvæmnisjónarmið að leiðarljósi. Áreiðanleiki, trúnaður og vönduð vinnubrögð skulu einkenna starfsemi KÍ og jafnræðis skal gætt.
- Starfsemi KÍ verði í stöðugri þróun og starfsmenn séu félagsmönnum öflugur bakhjarl í starfi.
- Miðlun upplýsinga þróist í takt við kröfur samtímans.
- Starfsmenn KÍ þekki og virði skipulag sambandsins og aðildarféлага þess og leitist við að leggja sitt af mörkum til að efla hag KÍ.

Félagatal KÍ

Allt frá því að Kennarasambandið tók í gagnid nýtt kerfi til að halda utan um félagatal hefur verið unnið að þróun þess með það markmið að kerfið geti nýst á sem flestum sviðum. Meðal möguleika sem kerfið býður upp á eru launakannanir, rafrænar umsóknir, skoðanakannanir og kosningar svo eitthvað sé nefnt.

Mínar síður

Frá hausti 2009 hefur staðið yfir vinna við „mínar síður“ á vef KÍ. Starfsfólk KÍ hefur unnið að verkinu með fulltrúum frá Skýrr og DK hugbúnaðarhúsi. Um er að ræða lokað svæði fyrir hvern félagsmann þar sem hann hefur aðgang að upplýsingum um skráningu sína í félagakerfi KÍ og þar sem hann getur breytt þeim og uppfært. Einnig er aðgangur að sjóðum KÍ þar sem félagsmaður getur sótt um styrki og orlofshús og séð stöðu sína og fyrri úthlutunir úr öllum sjóðum. Stefnt er að því að opna svæðið fyrir félagsmenn í febrúar 2011.

Starfsmannamál

Eftirtaldir sinna störfum í Kennarahúsinu fyrir KÍ, aðildarfélög og sjóði miðað við árslok 2010.

Félagssvið:

STARFSMENN KÍ

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, er í fullu starfi. Hann er formaður Kjararáðs og sinnir kjara-, félags- og skólamállum og fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins auk þess sem hann fylgist með starfi aðildarfélaganna og aðstoðar þau eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við önnur samtök launafólks, fjölmiðla og aðra þá er Kennarasambandið á samstarf við. Hann sinnir erlendu samstarfi. Nánari verklýsing formanns er í fylgiskjali 3 í lok skýrslunnar. Formaður stýrir félagssviði og er jafnframt framkvæmdastjóri KÍ.

Elna Katrín Jónsdóttir, varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns, er í fullu starfi. Hún sinnir skóla-, félags- og kjaramálum. Elna er formaður Skólamálaráðs og talsmaður KÍ í skólamállum, sinnir erlendu samstarfi, fræðslu- og kynningarmálum. Hún sinnir kjara- og réttindamálum félaga sem semja við ríkið. Nánari verklýsing varaformanns er í fylgiskjali 3 í lok skýrslunnar.

Björg Bjarnadóttir, þjónustufulltrúi, sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara, Félag grunnskólakennara og KÍ. Björg er í fullu starfi.

Erna Guðmundsdóttir, lögfræðingur, sinnir lögfræðistörfum fyrir KÍ í 50% starfi. Aðsetur Ernu er í Borgartúni 6.

Kristín Elfa Guðnadóttir, útgáfustjóri og ritstjóri Skólavörðunnar og Eplisins, er í fullu starfi. Hún sér um efnisöflun, ritun greina og samskipti við ljósmyndara, blaðamenn, hönnuði og prentsmiðjur. Hún sinnir einnig ýmsum kynningarmálum og fleiri tengdum verkefnum. Útgáfustjóri situr fundi stjórnar KÍ.

Oddur S. Jakobsson, hagfræðingur KÍ er í fullu starfi og sinnir hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

Sesselja G. Sigurðardóttir, þjónustufulltrúi, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara, Félag leikskólakennara og KÍ. Sesselja er í fullu starfi.

STARFSMENN FÉLAGA

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður FF, sinnir störfum fyrir Félag framhaldsskólakennara og er í fullu starfi.

Anna María Gunnarsdóttir er í starfi fyrir Félag framhaldsskólakennara og er auk þess formaður skólamálanefndar FF. Hún er í fullu starfi.

Hafðís D. Guðmundsdóttir er starfsmaður Félags tónlistarskólakennara í 50% starfi og sinnir að auki 50% starfi fyrir vinnuumhverfisnefnd KÍ.

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður FSL, sinnir störfum fyrir Félag stjórnenda leikskóla og er í fullu starfi.

Jón Ingi Einarsson er starfsmaður Skólastjórafélagsins og er í fullu starfi.

Marta D. Sigurðardóttir, formaður FL, sinnir störfum fyrir Félag leikskólakennara og er í fullu starfi.

Ólafur Loftsson, formaður FG, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara og er í fullu starfi.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður FT, sinnir störfum fyrir Félag tónlistarskólakennara og er í hlutastarfi.

Þorgerður Diðriksdóttir, formaður KFR, sinnir störfum fyrir FG í hlutastarfi.

Þórður Á. Hjaltested, varaformaður FG, sinnir störfum fyrir Félag grunnskólakennara og er í fullu starfi.

Þjónustusvið

Starfsmenn KÍ

Hannes Þorsteinsson, skrifstofustjóri Kennarasambandsins, sér um daglegan rekstur skrifstofu, starfsmannahald, hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Skrifstofustjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt stjórnar. Skrifstofustjóri stýrir þjónustusviði. Hann er í fullu starfi.

Ásta St. Eiríksdóttir er gjaldkeri sjóða, þ.e. bæði endurmenntunarsjóða aðildarfélaganna og sjúkrasjóðs KÍ og ber ábyrgð á bókhaldi sjóðanna. Hún ber einnig ábyrgð á bókhaldi orlofssjóðs KÍ. Ásta sér um samskipti við launagreiðendur og Bókunarmiðstöð BYRS vegna innheimtu félags- og sjóðagjalda. Ásta sér um samskipti og viðhald á nýju rafrænu kerfi sjóðanna. Hún er í fullu starfi.

Hanna Dóra Þórisdóttir er framkvæmdastjóri orlofssjóðs KÍ og sér um allan daglegan rekstur sjóðsins. Hún sér um innkaup fyrir sjóðinn, hefur eftirlit með orlofshúsum og starfar fyrir stjórn sjóðsins. Hún er í fullu starfi.

Hrönn Steingrímsdóttir, móttökuritari, sinnir símvörslu og almennum skrifstofustörfum.

Ingibjörg Úlfarsdóttir, launafulltrúi, sér um að svara erindum sem berast og varða launa- og réttindamál. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu sendir hún áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar. Hún er í fullu starfi.

María Norðdahl er fulltrúi sjúkrasjóðs KÍ og endurmenntunarsjóða. Hún hefur yfrumsjón með sjúkrasjóði KÍ og vísindasjóði FF og FS og vinnur með stjórnnum sjóðanna. Hún er í fullu starfi.

Ragnhildur S. Björnsdóttir er vef- og skjalastjóri KÍ. Hún hefur séð um innleiðingu á nýjum vef og rafrænt mála- og skjalastjórnunarkerfi. Hún er í fullu starfi.

Ragnheiður Ármannsdóttir er í hlutastarfi og er starfsmaður orlofssjóðs KÍ. Hún svarar fyrirspurnum félagsmanna um orlofshús og sér um leigu og umsýslu vegna þeirra.

Sigríður Sveinsdóttir er í hlutastarfi og hefur umsjón með félagatali Kennarasambandsins og sinnir verkefnum

fyrir aðildar- og sérfélögin sem tengjast félagaskrá sem og að sjá um störf fyrir kjörstjórn. Hún er einnig í samskiptum við launagreiðendur vegna gjalda til KÍ.

Sigrún Harðardóttir er fulltrúi sjúkrasjóðs KÍ og endurmenntunarsjóða. Hún hefur yfirumsjón með verkefna- og námsstyrkjasjóði FG og SÍ og vísindasjóði FL og vinnur með stjórnnum sjóðanna. Hún er í fullu starfi.

Stella Kristinsdóttir er í hlutastarfi og sér um matseld í hádegi. Hún er einnig auglýsingastjóri Skólavörðunnar, Eplisins og vefs KÍ.

Frá síðasta þingi hafa eftirtaldir látið af stöfum í Kennarahúsinu:

Þröstur Brynjarsson

Sigurlína S. Kristjánsdóttir, lést 2. apríl 2009

Hrafnhildur Kristbjarnardóttir

Nýir starfsmenn í Kennarahúsi frá síðasta þingi KÍ eru:

Hrönn Steingrímsdóttir

Ingibjörg Kristleifsdóttir

Marta D. Sigurðardóttir

Áhrif efnahagshrunsins á fjárhag KÍ

Áhrif bankahrunsins á innistæður KÍ voru ekki miklar ef miðað er við það sem almennt gerðist í þjóðfélaginu. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að KÍ bauðst svo góð ávöxtun á verðtryggðum bankareikningum að ekki þótti ástæða til að vera með fjármuni í áhættusamri fjárfestingu. Það tap sem varð snerti vinnudeilusjóð KÍ en um upphæðir í því sambandi vísast til reikninga sjóðsins sem lagðir verða fram á þingi KÍ. Það má því segja að þrátt fyrir mikil áföll í efnahagslífinu sé fjárhagsstaða KÍ mjög sterk og sú staðreynd leiddi meðal annars til þess að félagsgjald til KÍ var endurskoðað.

Lækkun félagsgjalds

Stjórn vinnudeilusjóðs sendi stjórn KÍ bréf haustið 2009 þar sem lagt var til að iðgjald félagsmanna í vinnudeilusjóð sem numið hefur 0,45% af grunnlaunum yrði fellt niður tímabundið fram að næsta þingi KÍ og félagsgjald lækkað samsvarandi. Stjórn KÍ féllst á erindið og samþykkti auk þess að lækka gjaldið til félagssjóðs um 0.1%. Félagsgjaldið í heild var því lækkað úr 1,55% af grunnlaunum í 1% frá og með 1. janúar 2010.

Lífeyrisskuldbindingar KÍ

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur verið haldið áfram á þeirri braut að leggja til hliðar fjármagn sem ætlað er að standa undir hluta af framtíðarskuldbindingum Kennarasambandsins vegna lífeyrisgreiðslna til núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Stefna KÍ er að eiga ávallt innistæðu sem nemur um 2/3 hlutum áætlaðra skuldbindinga KÍ vegna þessa. Um lífeyrisskuldbindingar og innistæður vegna þeirra vísast að öðru leyti til reikninga Kennarasambandsins.

Lögfræðistörf fyrir Kennarasambandið

Lögfræðingur Kennarasambands Íslands og BHM er Erna Guðmundsdóttir og er hún í fullu starfi fyrir samtökin. Aðalstarfsstöð Ernu er í húsnæði BHM í Borgartúni 6. Starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Auk Ernu annast þeir Guðni Á. Haraldsson hrl. og Ragnar H. Hall hrl. lögfræðistörf fyrir KÍ en þeir sinna einkum málfutningi vegna mála sem stefnt er fyrir dómstóla.

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur lögfræðikostnaður KÍ verið umtalsverður eins og áður. Óvönduð vinnubrögð nokkurra sveitarfélaga í starfsmannamálum var ein af ástæðum þess að leggja þurfti í mikla lögfræðivinnu. Þá

kom til kasta lögmannna KÍ mjög kostnaðarsamur málarekstur gegn Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar vegna eftirlaunaréttar fyrrverandi starfsmanna Reykjavíkurborgar. Segja má að tvívegis hafi þurft að reka mál fyrir hæstarétti vegna nokkurn veginn samskonar mála. Í báðum tilfellum unnust málin og málskostnaður féll á lífeyrissjóðinn. Þó upphæðin hafi verið allhá dugði hún samt skammt upp í útlagðan kostnað KÍ í málinu. Þetta er ekki nýtt þar sem sú upphæð sem vinnuveitendur eru dæmdir til að greiða upp í málskostnað KÍ dugar yfirleitt ekki nema fyrir hluta útlagðs kostnaðar Kennarasambandsins.

Kennarasamband Íslands hefur alla tíð lagt metnað sinn í að veita félagsmönnum sínum eins góða lögfræðisþjónustu og kostur er. Það er mikilvægt að félagsmenn sem upplifa að á þeim sé brotið finni stuðning hjá KÍ.

Fundir og erindrektur

Félög innan Kennarasambandsins hafa lagt metnað sinn í að sinna öflugum fræðslu- og kynningarstarfi. Í því sambandi nægir að nefna trúnaðarmannafundi, námskeið og skólaheimsóknir en allir þessir þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna.

Fundarröð KÍ í janúar og febrúar 2009

Strax eftir bankahrunið í október 2008 hófst umræða um hvort og þá hvað KÍ gæti gert til að styðja við bakið á félagsmönnum í þeim miklu þrengingum sem gengu yfir samfélagið. Stjórn KÍ ákvað að efna til opinna fundahalda fyrir félagsmenn vítt og breitt um landið. Markmið fundanna var að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur ef kæmi til niðurskurðar sem leiddi til lækkunar á yfirvinnu, minnkunar á stöðuhlutföllum eða niðurlagningu starfa. Þá var einnig farið yfir reglur um atvinnuleysissskráningu og fleira sem máli skiptir varðandi réttindi fólks. Þá var kynnt ný þjónusta sem KÍ bauð félagsmönnum sínum og varðaði símaráðgjöf hjá sálfræðingum. Kennarasambandið samdi við þau Húgó Þórisson og Þórkötlu Aðalsteinsdóttur um fasta símaviðtalstíma fyrir félagsmenn. Félagsmenn gátu því hringt og leitað ráðgjafar hvort heldur sem var vegna einkamála eða mála sem tengdust vinnunni. Þessi þjónusta mæltist vel fyrir og nýtti þó nokkur fjöldi félagsmanna sér hana.

KÍ á „trúnó“

Í marsmánuði 2010 gekkst KÍ fyrir fundaröð meðal trúnaðarmanna á öllum skólastigum. Fundirnir voru haldnir víðsvegar um landið og var þátttaka yfirleitt góð. Efni fundanna var margþætt en fyrir voru teknir þættir eins og:

- Uppbygging og starfsemi KÍ og aðildarfélaga þess
- Hlutverk trúnaðarmanna, réttindi þeirra og skyldur
- Starfsumhverfismál
- Virk, starfsendurhæfingarsjóður
- Nokkrar niðurstöður úr skýrslu OECD um menntamál frá 2009
- Launakannanir og samanburður kennaralauna
- Stöðugleikasáttmálinn og kjarasamningar
- Lífeyrissjóðamál og Framtakssjóður Íslands
- Skólastarf, fagmennska og samtakamáttur

Miðað við matsblöð sem þátttakendur skiluðu inn er ekki annað hægt að sjá en þeir hafi almennt verið ánægðir með fundina og því full ástæða til að halda áfram sameiginlegum fundum með trúnaðarmönnum allra félaga innan KÍ.

Velferð í vinnunni

Kennarasamband Íslands gekkst fyrir fundarhöldum meðal skólastjórnenda á öllum skólastigum í nóvember 2010. Yfirskrift fundanna var „Velferð í vinnunni“. Á fundunum var farið yfir eftirfarandi þætti.

- Vinnuumhverfi – vinnuvernd – heilsuefning *Hafðís D. Guðmundsdóttir / Sesselja G. Sigurðardóttir*
- Veikindaréttur *Ingibjörg Úlfarsdóttir*
- Réttindi í Sjúkrasjóði KÍ *Kristín Stefánsdóttir / María Norðdahl*
- VIRK – Úr veikindum í vinnu *Margrét Gunnarsdóttir / aðrir ráðgjafar*

Með þessari fundaröð var leitast við að fræða stjórnendur um samspil þeirra réttinda einstaklinga sem missa starfsorku sökum veikinda eða slysa og um þá möguleika sem fólk getur nýtt sér við starfsendurhæfingu. Sjá einnig á bls. 24.

Samstarf KÍ, BHM og BSRB

Kennarasamband Íslands hefur átt gott samstarf við opinberu bandalögin, BHM og BSRB. Upp á síðkastið hefur þetta samstarf verið í fastari skorðum en áður þar sem formenn og varaformenn bandalaganna hittast reglulega til að fara yfir sameiginleg hagsmunamál samtakanna. Mikilvægt er að rækta þetta samstarf vel þar sem samstaða bandalaganna getur í mörgum tilfellum ráðið úrslitum varðandi lausn viðfangsefna. Hér nægir að nefna lífeyrismál en órofa samstaða hefur verið með opinberum starfsmönnum um þann málaflokk og má með sannri segja að enn sem komið er hafi samstaðan skilað miklum árangri. Enn er sótt að okkur hvað þennan málaflokk varðar og því mikilvægt að samstaðan rofni ekki.

Útgáfu- og kynningarmál

Unnið var af kappi að breytingum á útgáfumálum KÍ á tímabilinu með það fyrir augum að koma betur til móts við félagsmenn og um leið gæta hagkvæmni og efla rafræna útgáfu í þágu umhverfisins. Farið var yfir alla útgáfusamninga, Skólavörðunni var breytt, Eplið – rafrænt fréttabréf sett á laggirnar og hlutverk fyrrum ritstjórnar Skólavörðunnar endurskilgreint hjá nýrri útgáfustjórn. Ráðist var í útgáfu sérblaðs með Fréttablaðinu í tvígang, bæklingur með Síðareglum endurprentaður, nýir bæklingar gefnir út og aðrir endurnýjaðir (sjá www.ki.is/pages/41), samningur við Netlu endurnýjaður, upplýsingar um Kennarasambandið þýddar á erlend mál og settar á vef sambandsins og nýrri þjónustu komið á laggirnar þar sem félagsmenn geta haldið utan um og stjórnað sínum málum á forsiðu vefjarins. Jafnframt var endurskoðun www.ki.is haldið áfram og er vefurinn í stöðugri mótun. Fundaherferðirnar Á trúno og Velferð í vinnunni litu dagsins ljós og útgáfusvið kom að hönnun og vinnslu gagna vegna þeirra. Ferðablað orlofssjóðs KÍ og Handbók kennara, tveir árvissir prentgripir, eru einnig á borði útgáfu-sviðs og var Ferðablaðið algjörlega stokkað upp og því breytt árið 2010 þegar sviðið tók við því. Útgáfusvið sér einnig um miðlæga útgáfu ársskýrslna og annars efnis sem fellur til vegna funda og þinga KÍ og annarra miðlægra viðburða sambandsins auk þess að veita aðildarfélögðum ráðgjöf og þjónustu um útgáfu- og kynningarmál. Einn þáttur í starfsemi útgáfusviðs er mjög vaxandi en það eru samskipti við fjölmiðla, þjónusta við formenn aðildar-félaga og aðra starfsmenn í Kennarahúsi og síðast en ekki síst, félagsmenn, en þeir leita í æ auknum mæli til sviðsins. Eftir að Helgi E. Helgason hætti störfum hjá KÍ og fór á eftirlaun hefur æ betur komið í ljós nauðsyn þess að bæta við mannafla á sviði útgáfu og kynningarmála sambandsins en þeim sinnir nú Kristín Elfa Guðna-dóttir (áður ritstjóri Skólavörðunnar en í starfi útgáfustjóra frá 1. janúar 2010). Samþykkt liggur fyrir frá síðasta þingi um ráðningu upplýsinga- og kynningarfulltrúa en vegna kreppunnar var það mál sett í biðstöðu enda mikil-vægt að fara vel með fjármuni KÍ, auðvitað ævinlega en enn fremur í óvissuástandi. Það er brýnt að félagsmenn fái tækifæri til að ræða um og gera upp við sig hvernig þeir vilja að staðið sé að þessum málum og í hvaða farvegi þau eigi að vera.

Fyrsta tölublað Skólavörðunnar með nýju sniði kom út árið 2010. Blaðið var stækkað, efni þess breytt verulega og tölublöðum fækkað úr átta í fjögur. Árið 2010 komu út fimm blöð en verða fjögur á árinu 2011 og eftirleiðis.

Breytingin mæltist vel fyrir og liggur því mati til grundvallar tölvubréf og hringingar frá félagsmönnum sem lýstu ánægju sinni. Hins vegar veldur nokkrum áhyggjum að Eplið - rafrænt fréttabréf sem kom einnig út í fyrsta sinn á árinu 2010 hefur einungis um 40-50% lestur. En þetta á eftir að kanna betur og hugsanlegt er að hluti skýringarinnar liggir í því að þeir félagsmenn sem lesa bréfið í hliðarglugga án þess að opna póstinn ekki með. Tveir aðrir miðlar eru einnig mikið nýttir til samskipta við félagsmenn (miðlægt) en það eru að sjálfsgöðu vefurinn og tölvubréf til félagsmanna. Með tilkomu þjónustunnar „Mínar síður“ bindum við vonir við að heimsóknir á vefinn aukist mjög og félagsmenn berji þá augum ýmislegt fleira í leiðinni. Tölvubréf beint til félagsmanna gefast nokkuð vel en eru vettvangur sem má ekki nota of mikið til að koma í veg fyrir póstpreytu félagsmanna andspænis KÍ. Loks er það ónýtti vettvangurinn, næsta skrefið í samskiptum við félagsmenn. Það eru annars vegar samfélagsvefir á borð við Facebook og Twitter (einhver aðildarfélaganna nýta sér þá nú þegar að einhverju leyti) og hins vegar KÍ sjónvarp þar sem birt yrðu viðtöl við félagsmenn, upptökur frá þingum og annað góðgæti sem eflir umræðu, samstöðu og skilning um leið og upplýsingum er miðlað. Samhliða þessu er áhugi fyrir aukinni útgáfu smárita í rafrænu formi og einnig prentaðra í sumum tilvikum. Samfella í þróun útgáfu, samskipta við félagsmenn og kynningarmála út á við og efling þessa sviðs innan KÍ er mjög mikilvæg fyrir kjör félagsmanna og skólamál almennt.

KÍ er mikill fengur að því fólki sem situr í útgáfustjórn, þar eru hæfir og áhugasamir einstaklingar sem leggja mikla hugsun og vinnu í að þróa útgáfumál sambandsins. Í útgáfustjórn sitja eftirfarandi: Gunnur Árnadóttir, Margrét Árný Sigursteinsdóttir, Ólöf Una Jónsdóttir, Sigríður Snjólaug Vernharðsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir auk Kristínar Elfu Guðnadóttur.

Kjaramál

Kjararáð starfar samkvæmt lögum Kennarasambands Íslands og er ætlað eftirfarandi hlutverk samkvæmt 27. grein laganna:

Kjararáð er skipað fulltrúum úr samninganefndum aðildarfélaga Kennarasambandsins og stjórn sambandsins og tveimur fulltrúum frá Félagi kennara á eftirlaunum. Hvert félag leggur til tvo fulltrúa í ráðið. Formaður KÍ er formaður kjararáðs.

Hlutverk kjararáðs er:

1. Að vera sameiginlegur vettvangur félaga KÍ til að fjalla um stefnumörkun í kjarasamningum þeirra og til þess að styrkja tengsl milli félaga á kjarasviðinu.
2. Að fjalla um og framfylgja stefnu Kennarasambandsins í kjara- og réttindamálum sem varða alla félagsmenn KÍ eða sem félög sambandsins hafa falið Kjararáði að fara með fyrir sína hönd.
3. Að fylgjast með efnahags- og kjaramálum, afla gagna og sjá um að þau séu aðgengileg félögum KÍ á hverjum tíma.
4. Að afla upplýsinga um kjarasamninga annarra stéttarféлага jafnt hjá hinu opinbera sem á almennum markaði og miðla upplýsingum um þá til félaga KÍ.
5. Að undirbúa í samráði við stjórn KÍ árlega kjaramálaráðstefnu, fræðslufund eða námskeið um kjara- og samningamál.

Kjararáð hefur haldið þrettán fundi frá síðasta þingi til ársloka 2010. Helstu mál sem til umræðu hafa verið eru staða efnahags- og kjaramála og einnig lífeyrismál.

Sameiginlegir fundir

Á kjörtímabilinu hafa verið haldnir nokkrir sameiginlegir fundir allra stjórna og samninganefnda félaga innan KÍ. Á þeim hefur verið farið yfir ýmis gögn er varða kjör félagsmanna. Hér má nefna upplýsingar um launaþróun og kaupmátt og niðurstöður úr skýrslum OECD um kostnað við rekstur skóla. Þessir fundir hafa verið nýttir til að ræða kjara- og efnahagsmál almennt og ekki síður til að koma upplýsingum á framfæri milli félaga innan KÍ.

Ráðning hagfræðings KÍ

Stjórn Kennarasambands Íslands fól ráðningastofunni STRÁ að auglýsa eftir hagfræðingi KÍ í fullt starf haustið 2009. Fimmtán umsóknir bárust um starfið og var Oddur S. Jakobsson hagfræðingur ráðinn í fullt starf frá ársbyrjun 2010. Oddur er KÍ og félögunum að góðu kunnur þar sem hann hafði áður starfað fyrir FF og einnig sinnt hagfræðistöfum fyrir KÍ í hlutastarfi um nokkurt skeið. Það er mikill fengur að því að hafa fengið Odd til starfa enda hefur hann yfirgripsmikla þekkingu á þeim sviðum sem varða starfsemi KÍ og aðildarfélaga þess.

Stöðugleikasáttmálinn

Á vormánuðum 2009 hófust viðræður milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um heildarsamkomulag varðandi efnahags- og kjaramál. Markmiðið var að ná samkomulagi um meginþætti í efnahags- og atvinnumálum og leggja með því grunninn að kjarasamningum til nóvember 2010. Stöðugleikasáttmálinn stóð aldrei undir nafni þar sem í ljós kom að þingflokkar stjórnarflokkanna í heild studdu aldrei samkomulagið og unnu gegn því nánast frá fyrsta degi. Þetta stafaði meðal annars af því að inni í samkomulaginu voru þættir sem eru mjög umdeildir á vettvangi stjórnmalanna, s.s. stóriðjumál, kvótakerfi og fleira. Hvað varðar kjarasamningagerð í kjölfar sáttmálans er

Ljóst að ekki tókst að gera kjarasamninga við sveitarfélögin á tímabilinu. Leiddi sú niðurstaða til þess að félagsmenn KÍ sem starfa hjá sveitarfélögum eru í hópi þeirra sem engar launahækkanir hafa fengið í tvö ár. Félagsmenn KÍ sem starfa hjá ríkinu (FF og FS) náðu að gera kjarasamning sem fól í sér að allra lægstu laun hækkuðu lítillega en hækkunin náði einungis til um 400 einstaklinga og mældist sem 0,3% kostnaðarauki hjá ríkinu. Það eina sem haldið hefur í sáttmálanum gagnvart kjörum kennara eru forsendur opinberu starfsmannasamtakanna fyrir þátttöku í samfloti en þær voru eftirfarandi:

„Forsendur stéttarféлага á opinberum vinnumarkaði fyrir gerð kjarasamninga eru að ekki verði gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsaðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á.“

Segja má að þetta hafi haldið þó sveitarfélögin hafi vissulega margreynt að brjóta þetta ákvæði, án árangurs þar sem menntamálaráðherra hefur enn sem komið er staðið í vegi fyrir þeim áformum.

Reynsla KÍ af stöðugleikasáttmálanum varð til þess að á fjölmönnum sameiginlegum fundi stjórna og samninganefnda félaganna var samþykkt að taka ekki þátt í samfloti um kjarasamningagerð sem forsvarsmenn SA vildu koma á. Þess vegna stefna félögin nú að því að ná kjarasamningum við viðsemjendur sína á grundvelli sjálfstæðs samningsréttar.

Endurskoðun lífeyriskerfisins

Einn af þeim þáttum sem kveðið er á um í stöðugleikasáttmálanum er endurskoðun lífeyriskerfisins. Kennarasamband Íslands hefur lýst yfir vilja til að koma að vinnu sem hefur það að markmiði að kanna hvort mögulegt sé að koma á einum samræmdum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Þessi afstaða byggir á því að verið sé að skoða málið með framtíðina í huga vegna þeirra sem ráðnir verða í störf frá og með þeim tíma sem nýtt kerfi tæki gildi. Ekki kemur til álita af hálfu KÍ að sjóðfélagar í A og B deild LSR eða sjóðfélagar í lífeyrissjóðum starfsmanna sveitarféлага verði fyrir réttindaskerðingu vegna þessa. KÍ, BHM og BSRB hafa óskað eftir því að málefni A og B deildar LSR verði tekin til umræðu beint á milli samtakanna og fjármálaráðherra með það að markmiði að finna leiðir til að rétta fjárhagslega stöðu sjóðsins.

Staðan í samningamálum aðildarfélaga

Þegar þetta er skrifað eru öll aðildarfélög KÍ með útrunna samninga. Samningar vegna framhaldsskólans runnu út í lok nóvember 2010 en aðrir samningar runnu út um mitt ár 2009. Ljóst er að félagsmenn KÍ hafa orðið fyrir einna mestu kaupmáttarhrapi allra launþega á Íslandi. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að 95% félagsmanna hafa engar launahækkanir fengið frá ársbyrjun 2009 til ársloka 2010. Á sama tíma hafa ýmsir hópar fengið umtalsverðar hækkunarir. Þetta verður að leiðrétta á komandi misserum þannig að kennaralaun verði samkeppnishæf við laun sambærilegra stétta.

Málefni Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KÍ, BHM og BSRB

Fjölskyldu- og styrktarsjóður KÍ, BHM og BSRB var lagður niður á kjörtímabilinu og tóku sjúkrasjóðir bandalaganna við hlutverki hans. Þannig tók sjúkrasjóður KÍ yfir styrkveitingar til félagsmanna í fæðingarorlofi. Nánar verður fjallað um þann þátt í skýrslu stjórnar sjúkrasjóðs hér á eftir.

Skólamála

Skólamálaráð

Hlutverk skólamálaráðs Kennarasambands Íslands er skilgreint í 30. grein laga sambandsins en hlutverk skólamálanefnda aðildarfélaga í 29. grein. Skólamálanefndir mynda allar saman skólamálaráð. Formaður skólamálaráðs sem skipaður er af stjórn KÍ og formenn skólamálanefnda aðildarfélaga mynda framkvæmdastjórn skólamálaráðs.

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs 2008-2011 skipuðu:

Elna Katrín Jónsdóttir, formaður.

Anna María Gunnarsdóttir, skólamálanefnd FF.

Dagbjört Ásgeirsdóttir, skólamálanefnd FL. Þá Alda Agnes Sveinsdóttir (FL) og síðan Hulda Jóhannsdóttir (FSL) og Guðný Gunnlaugsdóttir (FL).

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólamálanefnd SÍ. Síðan Ingileif Ástvaldsdóttir (SÍ).

Kristín Jónsdóttir, skólamálanefnd FG. Þá Inga María Friðriksdóttir (FG) og síðan Þórður Árni Hjaltested (FG).

Steinunn Inga Óttarsdóttir, FS.

FT hefur ekki skipað fulltrúa í skólamálanefnd en formaður FT, Sigrún Grendal, er tengiliður við framkvæmdastjórn skólamálaráðs. Formaður skólamálaráðs fer með yfirumsjón skóla- og menntamála af hálfu KÍ auk annarra viðfangsefna á félags- og kjarasviði.

Markmið og áherslur í starfseminni

Skólamálaráð hefur undanfarin ár í starfi sínu haft það að leiðarljósi að gera skóla- og menntamál meira áberandi í starfsemi og ímynd KÍ og auka forystuhlutverk KÍ í skóla- og menntamálum. Þetta hefur meðal annars verið gert með því að taka málefni til skoðunar að eigin frumkvæði og með því að leitast við að fylgjast með og efla þekkingu á breytinga- og þróunarstarfi í skólum. Unnið hefur verið að því að tengjast betur starfi háskóla sem mennta kennara og að fylgjast með menntarannsóknunum. Áhersla hefur verið lögð á góð samskipti við menntamálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga um skólamála meðal annars um ný lög um skólastigin, lög um kennaramenntun, reglugerðir og námskrár en einnig um kennarastarfið og þróun skólastarfs. Eftir föngum hefur framkvæmdastjórn fylgst með starfsemi kennarasamtaka á Norðurlanda- og Evrópuvettvangi í málum sem snúa að skólastarfi, kennarastarfinu, skólastjórnun, kennaramenntun og almennt að þróun menntastefnu.

Í upphafi starfs fór framkvæmdastjórn yfir skólastefnu sambandsins og aðrar samþykktir 4. þings KÍ sem snúa að skóla- og menntamálum. Fjallað var um skólamálastarf KÍ og félaga sambandsins. Stjórn KÍ fjallaði vorið 2008 um helstu áherslur um framkvæmd skólastefnu sambandsins og vinnu á sviði skóla- og menntamála. Helstu verkefni og svið sem talið var að yrðu í brennidepli á sviði skólamála hjá KÍ og félögum á kjörtímabilinu voru:

- Lög um menntun og skólastarf – hvernig höfum við áhrif?
- Starf með ýmsum aðilum innanlands í nefndum og ráðum og um þing og ráðstefnur um skóla- og menntamál og um kennaramenntun.
- Tengsl við rannsóknir og fræðastarf.
- Símenntun félagsmanna KÍ - á að móta sameiginlega stefnu?
- Evrópumenntamál.

Stjórn KÍ gerði ennfremur sérstaka samþykkt í september 2008 um framkvæmd stefnu KÍ um kennaramenntun, símenntun, þróunarstarf og rannsóknir sem tekur til áforma sambandsins um að leita eftir föstu samstarfi við kennaramenntunarstofnanir um kennaramenntun og kennarastarfið. Formaður skólamálaráðs tók þátt í starfi nefndar HÍ/menntavísindasviðs um inntak 5 ára kennaramenntunar 2008-9 og vann fyrir hönd KÍ að gerð samstarfssamnings við skólann um að setja á fót samstarfsnefnd þessara aðila sem hefur starfað frá hausti 2009.

Varðandi kennaramenntun almennt hefur athyglinni bæði verið beint að framkvæmd laganna s.s. inntaki reglugerða og skipulags- og þróunarvinnu í háskólunum um meginskipulag og að einstökum áherslumálum svo sem eflingu vettvangsnáms – ekki síst kennsluþjálfunar við raunaðstæður og að stuðningi við og handleiðslu nýliða í kennarastarfi. Ástand efnahagsmála í landinu og viðleitni stjórnvalda almennt og rekstraraðila skóla sérstaklega til þess að skera niður fjármuni og hagræða í starfsemi skóla á öllum skólastigum setti einnig mark sitt á starfsemina. Bæði innan aðildarfélaga KÍ og af hálfu sambandsins er nú barist gegn niðurskurði og hagræðingu sem talin er ógna faglegu starfi og gæðum náms.

Fundir og viðfangsefni

Framkvæmdastjórn heldur fundi um það bil mánaðarlega, en sjaldnar yfir sumarið. Fundir 2008-2011 verða orðnir nær þrjátíu talsins þegar kjörtímabilinu lýkur í apríl 2011.

Helstu verkefni ársins 2008-9 voru þessi:

Að fylgjast með framkvæmd nýrra laga um skólastigin og nýrra laga um kennaramenntun. Að taka þátt í starfi nefndar HÍ/menntavísindasviðs um inntak nýrrar kennaramenntunar. Málefni símenntunar félagsmanna KÍ. Árlegt rannsóknamálfing HÍ/menntavísindasviðs *Listin að læra* 23.-24. október 2008. Málfing FG og FL *Að vita meira og meira* 19. september 2008. Mótun samstarfsvettvangs KÍ og HÍ. Evrópumenntamál og fundir á vettvangi EI/ETUCE.

Skólamálaumræða af vettvangi NLS. Starfsemi skólamálanefnda aðildarfélaga KÍ. Fundur um rafræn einstaklingsmiðuð könnunarpróf hjá Námsmatsstofnun og undirbúningur ársfundar KÍ og skólamálaráðs.

Helstu verkefni ársins 2009-10 voru þessi:

Framkvæmd skólastefnu KÍ og mótun starfsemi og starfshátta skólamálaráðs. Að fylgjast með og eiga samráð um framkvæmd laga um skólastigin, reglugerðir og námskrárvinnu og framkvæmd nýrra laga um kennaramenntun. Upphaf starfs í nýju samstarfsnefndinni með HÍ/menntavísindasviði um kennaramenntun og kennarastarfið. Stefnumótun og umræða um málefni símenntunar. Árlegt rannsóknamálfing HÍ/menntavísindasviðs í október 2009. Evrópumenntamál, fundir á vettvangi EI/ETUCE og skólamálaumræða innan NLS. Mótun samstarfs skólamálaráðs KÍ við SÍS um skólamál. Umfjöllun um TALIS. Tveir fundir skólamálaráðs, annar fræðslufundur en hinn fundur um nýlegar rannsóknir og niðurstöður þeirra. Undirbúningur fjölmiðlaefnis um skóla- og menntamál vegna kosninga. Undirbúningur ársfundar KÍ.

Helstu verkefni ársins 2010-11 voru þessi:

Í upphafi árs var fjallað um starfshætti skólamálaráðs meðal annars út frá því sjónarmiði að stefnu KÍ um að auka samstarf og samlegð í sambandinu óháð skólastigum sæi ef til vill ekki nægilega stað í samstarfi skólamálanefnda aðildarfélaga. Rætt um leiðir til að breyta því og ákveðið að leggja til nokkur málefni sem óskað yrði eftir að allar skólamálanefndirnar tækju til umræðu. Þau eru: Kennaramenntun – með áherslu á vettvangsnám, handleiðslu nýliða í kennarastarfi og símenntun, forysta í skólastarfi og fagmennska. Hafin var söfnun efnis um þessi mál og því sem þegar lá fyrir var komið fyrir á heimasíðu KÍ. Málefni kennaramenntunar - einkum vettvangsnáms og símenntunar komu einnig töluvert við sögu í tengslum við vinnu að þeim málum í samstarfsnefnd KÍ með HÍ, menntavísindasviði. Fulltrúar SÍS komu á fund með framkvæmdastjórn til að ræða um niðurstöður TALIS rannsóknarinnar og því tengt um símenntun. Framkvæmdastjórnin lagði kynningar- og útgáfusviði nokkurt lið við

undirbúning kynningarefnis um skólamál, menntun og kennarastarfið og var slíkt efni (kálfar í Fréttablaðinu) gefið út í tengslum við sveitarstjórnarkosningar og tengt alþjóðadegi kennara 5. október. Framkvæmdastjórnin ræddi einnig breytingar á útgáfustarfsemi hjá KÍ og fékk útgáfustjóra til fundar við sig. Námskrármál og önnur framkvæmd skólastigalaga var yfir og allt um kring í starfinu en staðan að sumu leyti óljós meðal annars vegna kreppunnar. Snemma árs 2010 tóku fulltrúar KÍ svo til starfa í starfshópum um ritun almenns hluta aðalnámskráa en þeirri vinnu lauk í árslok og var unnið að umsögnum í desember og janúar (2011). Fulltrúar menntamálaráðuneytis komu til fundar með framkvæmdastjórn í október til að ræða um framkvæmd og útfærslu menntastefnu skólastigalaganna meðal annars í ljósi breyttra tíma og með tilliti til ritunar reglugerða og námskráa. Fjallað var um ytra mat í grunnskólum í Reykjavík vorið 2010 og rætt um úttektir menntamálaráðuneytis á skólastarfi. Frekar var svo rætt um matsmál á fundi 15. nóvember sl. Í desember komu niðurstöður Pisa rannsóknar 2009. Var bæði rætt um niðurstöðurnar sem slíkar og hlut Námsmatsstofnunar í fræðslu- og útbreiðslustarfi sem miðar að því að nýta rannsóknarniðurstöðurnar vel í skólakerfinu.

Fræðslu- og umræðufundir skólamálaráðs

Framkvæmdastjórn hefur undirbúið og haldið tvo fundi á hverju skólaári frá 2009 í sameinuðu skólamálaráði KÍ. Markmið með þessum fundum er bæði að koma á framfæri fræðslu, efla umræður um skóla- og menntamál og auka tengsl milli fulltrúa í skólamálanefndum aðildarfélaganna. Fundirnir sem verða orðnir fjórir talsins þegar 5. þing KÍ verður haldið hafa verið vel sóttir og virðist ánægja með þessa starfsemi.

Fyrsti slíkur fundur var haldinn í október 2009 og var hann fræðslufundur um starfsemi KÍ og aðildarféлага í skóla- og menntamálum, helstu samstarfsaðila og efni samstarfsins. Þar voru haldin erindi um skólastefnu KÍ, útgáfumál og endurmenntunarsjóði, um skólastigalögin og álitamál varðandi framkvæmd þeirra, um reglugerðavinnu almennt, um framkvæmd kennaramenntunarlaga og störf matsnefndar/leyfisbréfanefndar og um starfsemi nýstofnaðs Sprotasjóðs.

Á fundi í janúar 2010 var fjallað um nýlegar rannsóknir. Gerður G. Óskarsdóttir greindi frá niðurstöðum rannsóknar sinnar á skilum leik- og grunnskóla annars vegar og skilum grunn- og framhaldsskóla hins vegar. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á menntun barna og unglinga á þessum skilum. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við HÍ veitti andsvör og innleiddi samræðu á fundinum um efni rannsóknarinnar. Jón Hrólfur Sigurjónsson og Sigurjón Mýrdal fjölluðu um rannsókn Anne Bamford á list- og menningarfræðslu á Íslandi sem fram fór 2008-2009. Rannsóknin er ein víðamesta úttekt af þessu tagi sem fram hefur farið á Íslandi. Stefnt er að því að nýta niðurstöður í framhaldinu við stefnumörkun og námskráargerð. Hafdís Ingvarsdóttir fjallaði um reynslu kennara af fyrsta ári í kennslu. Hún kynnti helstu rannsóknarniðurstöður á erlendum og innlendum rannsóknum á þessu og fjallaði síðan um nýja rannsókn sem hún gerði á reynslu kennara á fyrsta ári í framhaldsskólakennslu.

Á fundi skólamálaráðs 15. nóvember 2010 fjallaði formaður stuttlega um starfið í skólamálaráði í vetur, um undirbúning 5. þings KÍ og ritun tillögu að skólastefnu og um áherslumál í starfinu í vetur, fagmennsku, forystu í skólastarfi/skólastjórnun og kennaramenntun. Næst stiklaði Guðni Olgeirsson, menntamálaráðuneyti á stóru um skólastigalögin, reglugerðir og námskrár og átti stuttar samræður við salinn á eftir. Hann lagði í erindi sínu áherslu á mikilvægi framlags KÍ í samstarfi við ráðuneytið um skóla- og menntamál. Um námskrármálin sagði Guðni að staðan væri önnur í framhaldsskólamálanum en leik- og grunnskóla einkum vegna umfangs breytinga sem lögin mæltu fyrir um. Hann hvatti hópinn til að rýna í námskrárrögin og sagði frá kynningu námskrárrauga fyrir grunnskólann.

Stefna KÍ og skýrsla nefndar um mögulega endurskipulagningu endurmenntunar kennara var næst á dagskrá. Anna María Gunnarsdóttir og Þórður Árni Hjaltsted fluttu erindið *Í símenntun er þetta helst* sem þau höfðu samið ásamt Ingibjörgu Kristleifsdóttur um niðurstöður nefndarstarfs sem öll þrjú höfðu tekið þátt í af hálfu KÍ ásamt fulltrúum menntamálaráðuneytis, SÍS og háskólanna. Í umræðum eftir erindið kom meðal annars fram að mikilvægt sé að geta sótt styttri námskeið og að framboð á námskeiðum sem tengjast greinum og stefnum væri ekki nægilegt. Mikilvægt að hafa möguleika á að safna námseiningum á lengri tíma t.d. til meistaraþráðu. Menntunarframboð þarf að vera aðgengilegt á sameiginlegum/einum vef. Bjóða líka námskeið sem eru sameiginleg fyrir öll skólastigin. Gagnlegt væri að eiga svona samræðu þar sem sjónarmið allra skólastiga koma fram í

heyra hljóði. Gott aðgengi að símenntun skiptir öllu. Sjónarmið um að endurmenntun allra á skólastiginu skil-
uðu litlu til dýpkunar á sérsviði fyrir kennarana sjálfa. Rætt um fyrirkomulagið sem er hjá Samstarfsnefnd um
endurmenntun framhaldsskólakennara (SEF) og nauðsyn þess að kennarar á hinum skólastigunum gætu fjallað
um sína endurmenntun með svipuðum hætti.

Næst á dagskránni var mat á skólastarfi. Sigurlína Davíðsdóttir hélt erindi um sjálfsmat en Stefán Baldursson
fjallaði um mat og úttektir á skólastarfi á vegum menntamálaráðuneytis. Sigurlína sagði meðal annars að ekki
væri talið heppilegt að skólastjórar stýrðu matsteymum en þeir þyrftu að vera með í þeim. Í matsteymum ættu
ekki að vera færri en þrjár en varla fleiri en sjö. Mikilvægt að velja afmarkaða þætti til að meta. Tilhneiging væri
til þess að skoða meira allt annað en það sem mestu skiptir þ.e. sjálfst skólastarfið í skólastofunni og samskiptin
um námið og kennsluna. Kennarar mega ekki upplifa matið sem ógnun heldur þurfa að sjá í því tækifæri. Það er
ekki hægt að skorast undan mati – of mikið er í húfi þ.e. menntun barna og ungmenna. Stefán Baldursson ræddi
um stöðu matsmála og n.k. stöðumat nú eftir um 15 ár þ.e. eftir lögbindingu innra og ytra mats í skólum. Hann
ræddi um niðurstöður úttekta á sjálfsmati (eru aðallega úttektir á matsaðferðum) og um eyður í mati og eftirliti.
Stefán sagði að meira vantaði upp á að uppfylla sjálfsmat að lágmarki í grunnskólum en framhaldsskólum. Þegar
skyggnt væri dýpra og skoðuð tenging mats(kannana) við umbótaáætlanir og framkvæmd væri ástandið samt
enn verra (óháð skólastigum). Hann sagði of lítinn stuðning við skólana í matsmálum í menntamálaráðuneytinu.
Í umræðum var talað um hvernig á að bregðast við niðurstöðum úr mati á skólastarfi. Hver hjálpar þeim skólum
sem koma illa út í mati. Eftir matið lægi gagnahaugur sem væri svo ekki unnið með áfram. Of mikið af matinu
færi í að meta hluti eins og aðalnámskrá o.fl. þess háttar frekar en það sem skiptir mestu máli; kennsluna sjálfa.
Það væri það sem þyrfti að skoða ef matið ætti að bæta námið og kennsluna í sjálfu sér.

Þegar skýrsla þessi er skrifuð er einn fundur óhaldinn og er hann áformaður 15. febrúar 2011. Meginefni þess
fundar verða mál er tengjast framkvæmd laga um skólastigin og mati á lögum meðal annars í ljósi breyttra
þjóðfélagsaðstæðna, staða námskrárvinnu og skylt efni. Líklega verður staðan einnig tekin varðandi framkvæmd
nýrra laga um kennaramenntun í háskólum landsins. Ef vel tekst til verður fundurinn innlegg í skoðanamyndun
og framsetningu á stefnu KÍ um þessi málefni til næstu þriggja ára auk þess að skerpa sýn á það hvert þurfi að
vera efni skólamálaályktunar 5. þings eða með öðrum orðum brýn úrlausnarefni, gagnrýnisatriði og ábendingar
um umbætur.

Lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Stærstur hluti reglugerða með skólastigalögum er kominn út og vinna við almennan hluta aðalnámskráa langt
komin. Ekki er þó ljóst hvernig stefnu laganna um samfellu milli skólastiga og áherslu á rétt nemenda til þess
að stunda nám við hæfi í samræmi við námsstöðu og eigin forsendur óháð skólastigum reiðir af. Ákveðin atriði
í lögum bæði um grunnskóla og framhaldsskóla hafa sætt gagnrýni meðal annars í ljósi gerbreytts þjóðfélags-
ástands en einnig í ákveðnum atriðum vegna óljósrar framsetningar sem tryggir réttindi nemenda ekki nægilega
vel eða gefur jafnvel ekki nægilega skýr skilaboð um það hvernig löggjafinn vill að skólastarfið og menntunin
verði eða breytist.

Lög um kennaramenntun og framkvæmd þeirra

Reglugerðir um kennaramenntunarlögin hafa verið gefnar út og unnið er að nýju skipulagi fimm ára kennara-
menntunar í háskólum sem mennta kennara. Mjög gagnlegar samræður - bæði formlegar og óformlegar - hafa átt
sér stað og samstarf milli KÍ og HÍ, menntavísindasviðs um heildstæða sýn á kennaramenntun sem
nái utan um lögboðið nám til kennsluréttinda, sérhæfingu og kennarafræði sem og símenntun og stuðning við
nýliða og um leiðir til að bjóða starfandi kennurum að stunda aðgengilegt framhaldsnám. KÍ hefur einnig fylgst
með stefnumótun um kennaramenntun í HA en þyrfti að efla samræður við þann skóla og samstarf sem og aðrar
kennaramenntunarstofnanir í landinu á hverjum tíma. Mikil gerjun er nú í umfjöllun um kennaramenntun tón-
listarskólakennara í LHÍ, um fimm ára meistaranám og um sjónarmið með og á móti því að lögvernda starfsheiti
þeirra og starfsréttindi.

Símenntun

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt og ritað bæði innanlands og utan um þýðingu símenntunar fyrir kennara og aðrar fagstéttir og um samhengi hennar við grunn- og framhaldsmenntun, starfsþróun og rannsóknir. Mörg Evrópulönd standa sig frekar illa hvað varðar fjármuni til símenntunar kennara, aðgengi að henni og aðstæður kennara til að stunda símenntun meðfram starfi. Ísland er þarna ekki undanskilið samanber litla aukningu fjármuna á fjárlögum til símenntunar grunnskólakennara, litla hlutfallslega fjölgun launaðra námsorlofa grunn- og framhaldsskólakennara og þá staðreynd að kennarar eigi ekki skýran rétt til launaðs námsorlofs. Eftir upphaf kreppunnar haustið 2008 hefur ennfremur orðið hrun í fjárframlögum sem ekki eru tengd lögum og/eða kjarasamningum auk þess sem framlög á föstum grundvelli t.d. fjárlögum hafa verið skorin niður.

Árin 2007-8 safnaði framkvæmdastjórn skólamálaráðs gögnum um símenntun félagsmanna í aðildarfélögum KÍ svo sem um rétt til símenntunar, ákvarðanatöku um símenntun og fjármögnun hennar af opinberu fé og um launuð námsorlof. KÍ fagnaði því stofnun nefndar á vegum menntamálaráðherra í mars 2009 sem var ætlað að koma með tillögur að heildstæðri útfærslu á endurmenntun sem nýttist kennurum á öllum skólastigum. Fulltrúar leik-, grunn- og framhaldsskóla störfuðu af hálfu KÍ í nefndinni en aðrir í nefndinni komu frá háskólunum og SÍS en einn fulltrúi og formaður frá menntamálaráðuneyti. Skýrsla nefndarinnar var birt í janúar 2011. Meðal tillagna nefndarinnar er að unnið verði að þróun sameiginlegs vefsvæðis um símenntun kennara, að ýtt verði undir símenntun kennara þvert á skólastig og að kennurum verði auðveldað að sækja símenntun til háskóla. Skýrsla nefndarinnar er birt á vef menntamálaráðuneytis og heimasíðu KÍ. Samstarfsnefnd HÍ, menntavísindasviðs og KÍ hafði frumkvæði að því að halda fund með fulltrúum í endurmenntunarnefndinni, SÍS og háskólunum strax eftir útkomu skýrslunnar. Var þar kannaður vilji þessara aðila til þess að vinna saman að því að koma tillögum sem birtar eru í skýrslunni til framkvæmda og eftir atvikum beita sér fyrir því að stjórnvöld geri sitt í því máli.

Niðurstaða fundarins var sú að hefjast strax handa.

Umsagnir um lagafrumvörp

Þetta var ekki fyrirferðarmikill þáttur í starfinu 2008-11 enda vorið 2008 samþykkt ný lög um skólastigin þrjú og um kennaramenntun (taka að fullu gildi sumarið 2011) auk þess sem ný lög um háskólastigið höfðu áður verið samþykkt og lög um sameiningu HÍ og KHÍ og sú aðgerð sömuleiðis orðin að raunveruleika. Lögum um framhaldsskóla var þó breytt í nokkrum atriðum árin 2009 og 2010 til þess að mæta breyttum aðstæðum í samfélaginu og má helst nefna frestun til 2015 á gildistöku ákvæða um lengt skólaár og um samningu og framlagningu nýrra námsbrauta samkvæmt lögumum af hálfu framhaldsskóla.

Í mars 2010 voru samþykkt frá Alþingi lög um framhaldsfræðslu. Í umsögn KÍ um frumvarp til þeirra laga var einkum gagnrýnt að einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa flosnað upp úr námi væri með frumvarpinu ekki tryggður réttur til þess að ljúka námi við hæfi á framhaldsskólastigi. Rík áhersla var ítrekað lögð á þetta atriði – svokallað annað tækifæri til náms - í tillögum verkefnisstjórna menntamálaráðherra um símenntun frá árunum 1998-2006. Frumvarpið varð síðan að lögum án þess að tillit væri tekið til þessarar ábendingar.

Samstarf og samstarfsaðilar

Samstarf við menntamálaráðuneytið er eðli máls samkvæmt mest að vöxtum og byggist það á fjölda fastra nefnda samkvæmt lögum um skólastarf og menntun og margskonar tímabundnu samstarfi, fundum og vinnuhópum sem tengjast til dæmis námskrárþróun og –ritun, menntunarmálum kennara, samspili kjarasamninga og faglegra málefna, fundum og ráðstefnum og öðru samráði.

Samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga um skólamál hefur aukist. Skemmst er að minnast umfangsmikillar vinnu um framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið til 2020. Gagnkvæm boð um þátttöku í fundum og ráðstefnum aðila eru mikilvæg og leiðir liggja einnig saman í samstarfi við fleiri t.d. í tengslum við TALIS rannsóknina um símenntun og starfsþróun grunnskólakennara, nýtingu og útbreiðslu niðurstaðna, um þróun símenntunar og um Pisa rannsóknina og niðurstöður hennar. Fulltrúar KÍ hafa hitt skólamálanefnd SÍS að máli við nokkur tækifæri og átt gott samstarf við skólamálafulltrúa sambandsins.

Samstarf við háskóla fer stundum fram í fjölskipuðu samráði með fleirum svo sem um málefni kennaramenntunar og símenntunar. KÍ hefur um árabíl leitað til fræðimanna við háskóla landsins um að halda erindi og fyrirlestra

KÍ tók árum saman þátt í undirbúningi rannsóknamálfings HÍ, menntavísindasviðs sem haldið er á hverju hausti. Skipulagi þess hefur nú verið breytt og var KÍ ekki aðili að málfinginu haustið 2010. Viðræður hafa átt sér stað við HÍ, menntavísindasvið um samstarf á þessu sviði milli sviðsins og kennarasamtakanna í framtíðinni en niðurstaða liggur ekki fyrir í málinu.

Samstarfsnefnd HÍ, menntavísindasviðs og KÍ um málefni kennaramenntunar og kennarastarfsins var stofnuð árið 2008. Fulltrúar í nefndinni eru þessir: Af hálfu HÍ: Anna Kristín Sigurðardóttir, Arna Jónsdóttir, Hafdís Ingvarsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson. Af hálfu KÍ: Björg Bjarnadóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Þórður Hjaltsted og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir til áramóta 2010/11 en síðan Guðlaug Sturlaugsdóttir. Jón Torfi Jónasson, forseti menntavísindasviðs hefur setið suma fundi nefndarinnar. Ritari nefndarinnar er Edda Kjartansdóttir.

Hlutverk og verksvið nefndarinnar er í meginatriðum:

1. Að efla kennaramenntun og kennarastarf.
2. Að taka þátt í stefnumótun um kennaramenntun á hverjum tíma, ræða m.a. um breytingar á lögum og reglugerðum um kennaramenntun og skyld mál, fjalla um skipulag og úrbætur og eiga frumkvæði að umræðu um nýjungar.
3. Að tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli félagsmanna KÍ og menntastofnana félagsmannanna og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er þessu tengjast.

Nefndin hefur rætt eftirfarandi mál: vinnu HÍ að skipulagningu og ákvörðunum um inntak nýrrar kennaramenntunar í skólanum, hlut vettvangsnáms í kennaramenntun (lagt hefur verið til að auka hlut vettvangsnáms í 20% af námstímanum) og nýja þætti í kennaramenntun, tengsl KÍ/félaga við samninga HÍ við skóla um vettvangsnám, símenntun félagsmanna KÍ, aðgang starfandi kennara að framhaldsnámi og leiðir til að fjölga leikskólakennurum í leikskólum.

Erlent samstarf, ráðstefnur og fræðsla

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs fylgist með þátttöku KÍ í starfi samnorrænu kennarasamtakanna NLS í því skyni að veita áhrifum samnorrænnar skólamálaumræðu inn í stefnumörkun og vinnu KÍ í skólamálum. Tveir fundir á ári eru haldnir í hverri skólastigadeild NLS og tveir stjórnafundir auk námskeiða um fagleg málefni. Norræn kennarafélög í NLS samræma auk þess oft stefnu sína og framgöngu á vettvangi Evrópusamstarfs kennarasamtaka.

Evrópskar/alþjóðlegar kannanir og rannsóknir eru ræddar. Pisa rannsóknin á stöðu og færni nemenda á tilteknum sviðum (læsi, náttúrufræði og stærðfræði) er framkvæmd á þriggja ára fresti og hafa bæði niðurstöður hennar frá 2006 og 2009 komið við sögu í skólamálastarfinu á þessu kjörtímabili. TALIS rannsóknin (Teaching and Learning International Survey) á starfi og viðhorfum kennara í grunnskólum var til víðtækrar umfjöllunar 2008-9 og tók KÍ ásamt fleiri aðilum frá þeim tíma þátt í samstarfshópi (rýnihópi) á vegum Námsmatsstofnunar sem m.a. fjallaði um framkvæmd og fyrirlögn. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust sumarið 2009 og hafa síðan verið til umræðu og úrvinnslu á ýmsum vettvangi – aðallega að frumkvæði og undir forystu Námsmatsstofnunar. Úttektir OECD sem birtast reglulega í ritinu Education at a Glance eru ennfremur mikilvægar vegna upplýsinga sem þar er að finna og yfirlita um marga þætti skólastarfs, málefna nemenda og starfa kennara.

Fjallað er um samevrópska stefnumótun í ekki síst í gegnum þátttöku í starfi Education International og ETUCE og m.a. fjallað um Lissabon áætlunina, Bologna ferlið og Evrópuáætlun í menntamálum. Reynt hefur verið að auka þátttöku KÍ í könnunum og rannsóknum sem óskað er þátttöku aðildarlanda í sem og að leggja til efni inn í Evrópumræðuna þegar þess er óskað. Formaður skólamálaráðs skrifaði á tímabilinu m.a. innlegg af hálfu KÍ í samráðsgreinargerð á vegum ETUCE um skóla 21. aldarinnar og um kennaramenntun, kennarastarfið

og gæði kennaramenntunar, stýrir vinnu við kannanir sem KÍ tekur þátt í og skrifar það efni sem þörf er á m.a. svör við opnum spurningum. Formaður skólamálaráðs er fulltrúi KÍ/Íslands á samráðsvettvangi ETUCE og EI sem kallast Pan European Structure og heldur fundi tvisvar á ári og hefur gert framkvæmdastjórn grein fyrir helstu málum sem þar hafa verið tekin fyrir.

Undirbúningur 5. þings KÍ, skólastefna og skólamálaályktun

Tillögur um skólastefnu KÍ 2008-2011 hafa að vanda verið undirbúnar í skólamálanefndum aðildarfélaga og er miðað við að ganga lengra en áður í að einfalda og samhæfa skólastefnu fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla. Framkvæmdastjórn ráðsins hefur með höndum samhæfingu og endanlega framsetningu tillögu að skólastefnu 2011-14 sem síðan er lögð í hendur stjórnar KÍ. Framkvæmdastjórnin semur einnig drög að skólamálaályktun í samráði við öll aðildarfélögin um helstu og brýnustu mál á sviði skóla- og menntamála sem áhersla er lögð á að nái fram að ganga, breytist eða batni.

Frá þingkjörnum nefndum og ráðum

Orlofssjóður KÍ

Á 4. þingi Kennarasambands Íslands voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Formaður:	Valgeir Gestsson	Varamenn:	Sigurður Halldór Jesson
Aðalmenn:	Ásdís Ólafsdóttir		Anna Jóna Guðmundsdóttir
	Elís Þór Sigurðsson		Eiríka Ólafsdóttir
	Guðmundur Björgvin Gylfason		
	Gunnlaugur Ástgeirsson		
	Inga Líndal Finnbogadóttir		
	Reynir Daniel Gunnarsson		

Vorið 2009 urðu þær breytingar á stjórn orlofssjóðs KÍ að Valgeir Gestsson, formaður, og Inga Líndal Finnbogadóttir sögðu sig úr stjórninni. Í reglum orlofssjóðs sem samþykktar eru á þingi KÍ segir meðal annars: „Ef formaður lætur af störfum á kjörtímabilinu skipar stjórn KÍ nýjan formann.“ Stjórn KÍ skipaði Jón Inga Einarsson, formann stjórnar orlofssjóðs í stað Valgeirs Gestssonar, þá tók Sigurður Halldór Jesson, varamaður sæti Ingu Líndal í stjórninni.

Stjórn orlofssjóðs er þannig skipuð nú:

Formaður:	Jón Ingi Einarsson	Varamenn:	Anna Jóna Guðmundsdóttir
Varaform.:	Gunnlaugur Ástgeirsson		Eiríka Ólafsdóttir
Ritari:	Guðmundur Björgvin Gylfason		
Meðstj.:	Ásdís Ólafsdóttir		
	Elís Þór Sigurðsson		
	Sigurður Halldór Jesson		
	Reynir Daniel Gunnarsson		

Framkvæmdastjórn skipa: Jón Ingi Einarsson
Elís Þór Sigurðsson
Gunnlaugur Ástgeirsson

Starfsmenn orlofssjóðs:

Hanna Dóra Þórisdóttir, framkvæmdastjóri	(starfshlutfall 100%)
Ragnheiður Ármannsdóttir, starfsmaður á skrifstofu	(starfshlutfall 50%)
Sigrún Halla Runólfsdóttir, umsjónarmaður á Sóleyjargötu	(starfshlutfall 100%)
Ólafur Ómar Hlöðversson, umsjónarmaður á Flúðum	(starfshlutfall 100%)
Sólveig Hallgrímsdóttir, starfsmaður á Flúðum	(starfshlutfall 100%)
Karen Grétarsdóttir, umsjónarmaður í Kjarnabyggð	(starfshlutfall 30%)

4. Þing KÍ samþykkti að fela stjórn orlofssjóðs að vinna að eftirtöldum verkefnum á kjörtímabilinu 2008-2011:

- Haldið verði áfram að endurnýja orlofshús í Ásabyggð, tvö til fjögur hús á kjörtímabilinu.
- Keypt verði orlofshús ef góð tækifæri bjóðast á kjörtímabilinu.
- Boðið verði upp á orlofshús og íbúðir víðs vegar um landið og erlendis til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Haldið verði áfram að greiða niður gistingu á hótelum, gistiheimilum og tjaldstæðum með afsláttarmiðum.
- Áfram verði aukið við fjölbreytni orlofstilboða bæði innanlands og utan, til dæmis með fjölbreyttum samningum við ferðaþjónustuaðila.
- Ávallt skal leitast við að gæta hagsýni í rekstri orlofssjóðs KÍ, til dæmis með því að leita tilboða í stærri verkefni. Jafnframt skal skoðuð hagkvæmni þess að fjölga stöðugildum eða samnýta starfsmenn á skrifstofu KÍ.
- Haldið verði áfram með kynningu á orlofsmálum meðal félagsmanna, svo sem á haustþingum, með samskiptum við trúnaðarmenn og á fundum svæðafélaga.
- Kynning á orlofsmálum meðal félagsmanna verður með eftirfarandi hætti:
 - með samskiptum við trúnaðarmenn
 - á fundum svæðafélaga
 - með kynningarefni á tölvutæku formi
 - í ferðablaði orlofssjóðs KÍ

Unnið var að öllum þessum verkefnum á kjörtímabilinu. Ekki tókst þó nema að hluta að uppfylla fyrsta verkefnið þ.e. endurnýjun orlofshúsa í Ásabyggð. Eitt hús var endurnýjað og nýtt hús reist nr. 34. Samið var við sama verkataka og hafði séð um byggingu seinni áfangans í Heiðarbyggð. Sjóðurinn lenti í miklum hremmingum í samskiptum við verktaka þessa verks sem endaði með því að hann var leystur frá verkinu. Talsverðir eftirmálar hafa orðið vegna viðskipta við umræddan verktaka og er augljóst að skaði orlofssjóðs vegna þessara viðskipta er mikill. Ákveðnum málum varðandi þessi viðskipti er ólokið og eftir árangurslausar tilraunir til að leysa þau var þeim á haustdögum komið í réttan farveg, þ.e. Ragnar Hall, lögmaður tók málin að sér. Þau mál sem hæst ber og Ragnar vinnur að er annars vegar mál vegna innflutnings á rafmagnstækjum o.fl. sem flutt var inn vegna Heiðarbyggðar og orlofssjóður greiddi fyrir en hafa ekki skilað sér nema að litlum hluta. Hins vegar er um að ræða sjálfskuldarabréf sem gefið var út 1. nóv. 2007 og er m.a. undirritað af þáverandi varaformanni orlofssjóðs sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og fór í varðveislu handhafa. Viðkomandi segist hafa sótt bréfið aftur og það hafi aldrei átt að fara í umferð. Vorið 2009 kom fram krafa frá lögmanni um að orlofssjóður greiddi umrætt bréf. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvernig bréfið komst í hendur lögmannsins og hefur greiðsla af hendi KÍ verið hafnað þar sem ekki lá fyrir heimild til undirritunar bréfsins. Eigandi skuldabréfsins setti fram kröfu um fjárnám hjá orlofssjóði við sýslumanninn í Reykjavík í haust. Sýslumaðurinn hafnaði kröfunni 25. janúar síðastliðinn en gerðarbeiðandi getur farið með kröfuna til dómstóla og hefur fjórar vikur til að taka ákvörðun um slíkt. Bæði þessi mál hafa verið sett í þann farveg að fela Ragnari Hall að vinna úr þeim eins og áður kom fram. Í framhaldi þessa og í

Ijósi skuldastöðu sjóðsins var ákveðið að fara ekki út í frekari nýframkvæmdir en vinna að því að lækka skuldir sjóðsins og endurbæta elstu húsin á Flúðum.

Verklagsreglur orlofssjóðs

Stjórn orlofssjóðs KÍ ákvað árið 2009 að endurskoða verklagsreglur sjóðsins sem gilda um leigu orlofshúsnæðis og aðra þjónustu sem stendur sjóðsfélögum til boða. Niðurstaðan varð að reglurnar voru endursamdar og voru þær síðan samþykktar í stjórn orlofssjóðs og staðfestar af stjórn KÍ á fundi 15. janúar 2010.

Skipulagsbreytingar

Viðræður hófust í byrjun hausts 2009 á milli stjórnar orlofssjóðs og stjórnar KÍ um gerð þjónustusamnings á milli aðila. Í desember lágu fyrir fullmótaðar hugmyndir um hvað ætti að vera í slíkum samningi. Ákveðið var að aðlaga starfsemina að þeim hugmyndum og ganga formlega frá þjónustusamningi þegar sést hvernig fyrir-komulagið reynist. Verkefni færðust frá stjórninni yfir til þjónustusviðs KÍ.

Verkefni stjórnar eftir gerð þjónustusamningsins eru:

- Stefnumótun
- Gerð fjárhagsáætlunar
- Fjárhagslegt eftirlit
- Eftirlit með að þjónusta til félagsmanna sé eftir settum reglum

KÍ annast alla umsýslu fyrir sjóðinn utan þeirra verkefna sem leiða af áðurnefndum verkefnum stjórnar. Daglegur rekstur sjóðsins var framkvæmdur í takt við skipulagsbreytingarnar allt árið 2010 og hafa engir hnókrar komið upp varðandi skipulagið.

Vonast er til að af þessu leiði öruggari rekstur, hagræðing og betri þjónusta við félagsmenn.

Eignir orlofssjóðs KÍ eru:

Ásabyggð, þrettán orlofshús voru byggð 1986-1989

Endurnýjun orlofshúsa í Ásabyggð er hafin. Árið 2007 voru tvö hús endurnýjuð og árið 2009 var lokið við að endurnýja það þriðja. Nýju húsin eru á steiptum grunni og eru 74 – 84m² í stað 53m² eins og gömlu húsin eru. Mjög góð nýting er yfir sumartímann og um helgar yfir veturinn.

Heiðarbyggð, þrettán orlofshús

Árið 2002 voru sex 87m² hús tekin í notkun. Ákveðið var árið 2005 að byggja sex 99m² hús til viðbótar þar sem mikil ánægja var með nýju húsin. Seinni hluta ársins 2008 voru þrjú þeirra tekin í notkun og svo í febrúar 2009 seinni húsin þrjú. Vorið 2008 var keypt orlofshús af SKB í Heiðarbyggð. Það er 67 m² með 29 m² gestahúsi, gisting er fyrir níu manns. Við húsið er 70m² stór pallur með heitum potti og stór og góður leikvöllur. Húsið fellur mjög vel að öðrum eignum orlofssjóðs í Heiðarbyggð. Mjög góð nýting er bæði yfir sumartímann og um helgar yfir veturinn.

Fundasalur í Heiðarbyggð

Fundasalur er á neðri hæð eins hússins í Heiðarbyggð. Framkvæmdum við innréttingu hans er að mestu lokið, stefnt er að því að salurinn verði tilbúinn til notkunar nú í vor.

Kjarnaskógur, fjögur orlofshús

Orlofssjóður á fjögur hús í Kjarnaskógi. Þau eru tvenns konar, annars vegar eldri húsin sem eru númer 4 og 12 og eru 55m² með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex. Og svo nýrri húsin sem eru númer 5 og 7 og

eru 70m² með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta. Í Kjarnaskógi er besta nýtingin á orlofsbústöðum orlofssjóðs KÍ.

Sóleyjargata 33, fjórar íbúðir og fimm herbergi

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Góð nýting hefur verið á húsinu, hún var um 80% alla daga ársins 2010 og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Sóleyjargata 25, sex íbúðir

Í orlofshúsinu eru sex íbúðir frá 34-63m². Góð nýting hefur verið á húsinu, hún var um 80% alla daga ársins 2010 og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar.

Ferðablaðið

Á hverju vori gefur orlofssjóður út ferðablað þar sem kynnt eru öll þau tilboð sem eru í gangi hverju sinni. Þá eru einnig öll ferðatilboð orlofssjóðs kynnt jafnóðum á heimasíðu sjóðsins.

Önnur leiga

Sumarleiga / endurleiguhús

Sumarið 2011 verða álíka mörg orlofshús/leigueiningar í boði og sumarið 2010 víðsvegar um landið. Leigunni er skipt í vikuleigu sem er nú í punktastýrðri úthlutun og flakkaraleigu sem hefst í maíbyrjun. Á síðastliðnu ári var yfir 90% nýting á vikuleiguhúsum og um 96% nýting alla daga sumarsins á flakkarahúsum. Á undanförunum árum hefur verið veruleg aukning á innlendum orlofstilboðum og er áætlað að halda henni í horfinu í ár.

Hótelmiðar/afsláttarmiðar

Orlofssjóður býður félagsmönnum afsláttarmiða á Hótel Eddu, Fosshótelin, KEA hótelin og fleiri hótél. Orlofs-
sjóður niðurgreiðir þessa gistingu. Einnig eru í boði afsláttarmiðar í flugferðir á áfangastaði bæði hjá Iceland
Express og Icelandair

Íbúð í Kaupmannahöfn

Orlofssjóður hefur undanfarin ár leigt íbúð í Kaupmannahöfn. Mikil ánægja var með íbúðina og góð nýting á henni yfir sumarið. Íbúðin var leigð til 1. sept. sl. en vegna hárrar leigu og ónógrar nýtingar yfir vetrartímann sá stjórnin sér ekki fært að leigja íbúðina lengur.

Önnur verkefni

Orlofssjóður gerir samninga við fjölda ferðaþjónustuaðila fyrir hvert sumar. Boðið er upp á nokkrar gönguferðir innanlands og erlendis sem eru niðurgreiddar, þá er boðið upp á veiðikort, útilegukort og afsláttarmiða fyrir tjaldvagna.

Orlofsvefurinn

Á orlofsvefnum geta félagsmenn pantað og skoðað punktastöðu. Bókunum á vefnum hefur fjölgað verulega og fara nú flestar bókanir þar fram. Nú í vetur verða teknar upp mínar síður fyrir félagsmenn KÍ á vefnum og verða allar bókanir og persónulegar upplýsingar þá þar.

Sjúkrasjóður

Skýrsla um starfsemi Sjúkrasjóðs 2008-2010

Sjúkrasjóður KÍ var stofnaður á stofnþingi KÍ árið 1999 og honum markaður tekjustofn með samningum við ríki og sveitarfélög í nóvember 2000. Úthlutanir úr sjóðnum hófust 1. nóvember 2001 og hefur því í árslok 2010 verið úthlutað reglulega í rúm níu ár.

Frá upphafi hefur tilgangur sjóðsins verið:

- að veita sjóðfélögum í fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla
- að styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma
- að styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Stjórn og starfsmenn

Á þingi KÍ 2008 var Kristín Stefánsdóttir, Tónlistarskóla Kópavogs (FT), kjörin formaður sjúkrasjóðs KÍ og eftirtaldir kjörnir í stjórn sjóðsins: Eyþór Benediktsson, Grunnskóla Stykkishólms (SÍ), Heiða Björk Rúnarsdóttir, Leikskólanum Kópasteini (FL), Margrét Guðbrandsdóttir, Setbergsskóla (FG), og Toby Sigrún Herman, Menntaskólanum í Reykjavík (FF). Varafulltrúar voru kjörnir: Árdís Jónsdóttir (FG), Elísabet Siemsen (FS), Ingibergur Elíasson (FF), Kristín Jónsdóttir (FG) og Soffía Þorsteinsdóttir (FL).

Á skrifstofu KÍ sinna María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir, starfsmenn sjóða, verkefnum sjúkrasjóðs KÍ.

Fundir í stjórn sjúkrasjóðs eru haldnir í lok hvers mánaðar og þá tekna til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga, umsóknir samkvæmt 6. gr. úthlutunarreglna og aðrar umsóknir sem nauðsynlegt er að sjóðsstjórn fjalli um. Enn fremur staðfestir stjórnin afgreiðslu starfsmanna á öðrum umsóknum sem falla að reglum sjóðsins.

Úthlutunarreglur og eyðublöð

Samkvæmt reglum um sjúkrasjóð KÍ ber sjóðsstjórn að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins eigi sjaldnar en árlega. Breytingar á úthlutunarreglum eru háðar samþykki stjórnar KÍ. Vegna fjárhagsstöðu sjóðsins urðu óverulegar breytingar á úthlutunarreglum á fyrri hluta tímabilsins en frá hausti 2009 hefur gefist fjárhagslegt svigrúm til tíðari breytinga á úthlutunarreglum. Stjórn og starfsmenn sjóðsins fylgjast reglulega með þróun úthlutunarreglna sjúkra- og styrktarsjóða annarra stéttarféлага ásamt því að taka mið af fjárhagsstöðu sjúkrasjóðs þegar reglum er breytt.

Í samræmi við reglur sjúkrasjóðs KÍ hafa breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins verið kynntar í Skólavörðunni, birtar á vef KÍ, auk þess sem trúnaðarmönnum hafa verið sendar upplýsingar um breyttar úthlutunarreglur. Úthlutunarreglur sjúkrasjóðs hafa verið kynntar innan aðildarféлага KÍ þegar þess hefur verið óskað, meðal annars á trúnaðarmannanámsskeiðum.

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

Starfsendurhæfingarsjóður (VIRK) var stofnaður í kjölfar kjarasamninga haustið 2008 og að honum standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda. Stjórn sjúkrasjóðs hefur fylgst með uppbyggingu og þróun sjóðsins en KÍ er einn stofnaðila. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum þess að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Ráðgjöf á sviði starfsendurhæfingar er ný þjónusta sem er samvinnuverkefni stéttarféлага og VIRK. Verkefni ráðgjafa er að hitta félagsmenn sem vegna veikinda eða slysa eru frá vinnu eða eiga á hættu að hverfa frá vinnu vegna veikinda.

Markmiðið er að aðstoða viðkomandi einstakling við að fara aftur til vinnu eða hverfa af vinnumarkaði.

Margrét Gunnarsdóttir gegnir starfi starfsendurhæfingarráðgjafa fyrir félagsmenn KÍ, BHM og SFF og hefur aðstoðu á skrifstofu BHM. Frá upphafi hefur hún unnið í nánú samstarfi við starfsmenn og stjórn sjúkrasjóðs og meðal annars er öllum sem sækja um sjúkradagpeninga boðið viðtal við ráðgjafann. Jafnframt hefur upplýsingum um þessa þjónustu verið komið á framfæri við aðra. Starf ráðgjafans miðast fyrst og fremst við að gera fólki kleift að vera virkt á vinnumarkaði og að finna lausnir sem henta hverju sinni. Hefur þessi þjónusta gefist mjög vel og félagsmönnum að kostnaðarlausu.

Fæðingarstyrkir

Í ársbyrjun 2009 tók sjúkrasjóður KÍ við því hlutverki Fjölskyldu- og styrktarsjóðs að greiða fæðingarstyrki til félagsmanna. Sjóðsstjórn setti sér það markmið að einfalda afgreiðslu styrkjanna frá því sem var hjá FOS og styrkfjárhæð var hækkuð úr 170.000 kr. í 200.000 kr. miðað við fullt starf síðastliðna sex mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma. Skilyrði er að sjóðfélagi fari með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Um ættleiðingar gilda sömu reglur. Séu báðir foreldrar félagsmenn geta báðir sótt um fæðingarstyrk.

Þegar sjúkrasjóður tók við þessu verkefni fylgdi með talsverður fjöldi óafgreiddra umsókna en síðan hefur umsóknafjöldi jafnast og útgjöld vegna þessa liðar lækkað að sama skapi.

Velferð í vinnunni

Síðastliðið haust var efnt til fræðslufundaraðar á vegum KÍ fyrir skólastjórnendur á öllum skólastigum þar sem rætt var um vinnuumhverfi og heilsuefningu, veikindarétt félagsmanna KÍ, sjúkrasjóð KÍ, VIRK og fjarvistastefnu. Hlaut verkefnið heitið „Velferð í vinnunni“ og voru alls haldnir ellefu hálf dags fundir víðs vegar um landið sem tókust vel og þóttu gagnlegir. Að verkefninu komu formaður og starfsmaður Vinnuumhverfisnefndar KÍ, launafulltrúi KÍ, starfsendurhæfingarráðgjafi, formaður og starfsmaður sjúkrasjóðs, auk varaformanns KÍ. Það kynningarefni sem tekið var saman fyrir fundina mun væntanlega nýtast í frekari fræðslustarfsemi síðar.

Tekjur og úthlutanir

Á árinu 2008 glimdi stjórn sjúkrasjóðs áfram við það verkefni að draga úr rekstrarhalla sjóðsins en úthlutað hafði verið umfram tekjur frá árinu 2006. Þrengingar á úthlutunarreglum, auknar tekjur í kjölfar kjarasamninga og breytingar á fyrirkomulagi fæðingarstyrkja höfðu þau áhrif að staða sjóðsins batnaði. Árið 2008 var talsvert minni rekstrarhalli en árin tvö á undan og tekjuafgangur var árið 2009. Útlit er fyrir tekjuafgang árið 2010 en þó mun minni en árið 2009.

Eftir að fjárhagsstaða sjúkrasjóðs tók að batna var unnt að hækka styrkfjárhæðir. Í fyrstu var áhersla lögð á hækkingu sjúkradagpeninga sem ekki hafði verið unnt að hækka í samræmi við þróun sjúkradagpeninga hjá öðrum sjúkrasjóðum. Á liðnu ári hefur auk þess verið unnt að hækka fjárhæðir í öðrum styrkflokkum og fjölga styrkflokkum lítillega.

Heildarúthlutanir árið 2008 skiptust milli styrkflokka sem hér segir:

2008:	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	34,513,812	22.30
Sjúkradagpeningar sjóðfélaga	57,932,212	37.44
Sjúkradagpen. v/maka og barna	1,329,998	0.86
Dánarbætur	3,850,000	2.49
Tannlæknakostnaður	32,611,668	21.07
Heynartæki/sjónkler	10,907,579	7.05
Laseraðgerðir	5,987,000	3.87

Ættleiðingar	800,000	0.52
Glasafirjógvanir	5,590,283	3.61
Aðrir styrkir	1,230,474	0.80
Samtals kr.	154,753,026	100.0

Vegna tilkomu fæðingarstyrkja er hlutfallsleg skipting á milli styrkflokka árin 2009 og 2010 ekki að öllu leyti sambærilegir við fyrri ár en heildarúthlutanir skiptust sem hér segir:

2009:	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	30,863,754	16.34
Sjúkradagpeningar sjóðfélaga	45,825,854	24.26
Sjúkradagpen. v/maka og barna	2,059,370	1.09
Fæðingarstyrkir	84,228,920	44.59
Dánarbætur	4,000,000	2.12
Tannlæknakostnaður	1,888,563	1.00
Heyrnartæki/sjónkler	8,011,519	4.24
Laseraðgerðir	3,996,337	2.12
Ættleiðingar	600,000	0.32
Glasafirjógvanir	5,550,914	2.94
Aðrir styrkir	1,870,160	0.99
Samtals kr.	188,895,391	100.00

2010:	Upphæð	%
Meðferðarstyrkir	50,777,001	20.91
Sjúkradagpeningar sjóðfélaga	69,259,234	28.52
Sjúkradagpen. v/maka og barna	1,621,680	0.67
Fæðingarstyrkir	87,836,600	36.16
Dánarbætur	4,262,000	1.75
Heyrnartæki/sjónkler	11,995,232	4.94
Laseraðgerðir	6,264,180	2.58
Ættleiðingar	1,200,000	0.49
Glasafirjógvanir	7,030,740	2.89
Aðrir styrkir	2,638,902	1.09
Samtals kr.	242,885,569	100.00

Frá upphafi og til ársloka 2010 hafa verið afgreiddar um 26.500 styrkumsóknir og nema úthlutanir frá upphafi rúmum milljarði króna, þar af rúmum 450 milljónum króna á árunum 2008-2010.

Lokaorð

Við lok þessa starfstímabils verður að telja fjárhagsstöðu sjúkrasjóðs KÍ allgóða en mikilvægt er þó að gæta aðhalds til að sjóðurinn geti áfram sinnt hlutverki sínu og stutt þá sem brýnast þurfa á stuðningi að halda.

F.h. stjórnar sjúkrasjóðs KÍ
Kristín Stefánsdóttir, formaður

Vinnudeilusjóður

Skýrsla stjórnar vinnudeilusjóðs Kennarasambands Íslands fyrir 5. þingi KÍ 6. til 8. apríl 2011

1. STJÓRN

1.1 Skipan stjórnar

Á 4. þingi KÍ í apríl 2008 var Guðni S. Óskarsson kosinn formaður stjórnar vinnudeilusjóðs KÍ og aðalmenn þau Brynja D. Matthíasdóttir, Elín Mjöll Jónasdóttir, Guðjón S. Þorláksson og Ingibergur Eliasson.

Í varastjórn voru kosin: Björgvin R. Leifsson, Guðrún Á. Guðmundsdóttir, Kristín Kolbeinsdóttir, Sturla D. Þorsteinsson og Særún Ármannsdóttir.

1.2 Fundir stjórnar

Stjórnin fundaði alls 19 sinnum á kjörtímabilinu. Fyrsti stjórnarfundurinn (55.) var 20. maí 2008 og sá síðasti (73.), fyrir gerð þessarar skýrslu, 11. janúar 2011. Fundargerðir stjórnar vinnudeilusjóðs KÍ, frá og með 55. fundi, eru birtar á heimasíðu KÍ samkvæmt samþykkt stjórnar 11. febrúar 2010.

1.3 Starfsmaður stjórnar

Valgeir Gestsson var ráðinn starfsmaður vinnudeilusjóðs. Starfið var miðað við 30 dagvinnustundir á mánuði við bókhald og daglegan rekstur sjóðsins.

2. FJÁRMÁL

Um tekjur, gjöld og eignir vinnudeilusjóðs er vísað til ársreikninga sjóðsins 2008, 2009 og 2010 sem lagðir eru fram á þinginu.

2.1 Iðgjöld

Á 4. þingi KÍ 2008 var samþykkt að hluti félagsgjalda greiddist sem iðgjald í vinnudeilusjóð KÍ, sem næmi 0,45% (miðað við föst laun félagsmanna).

Frestun á innheimtu gjalds í vinnudeilusjóð var rædd óformlega á stjórnarfundum frá ársbyrjun 2009. Á fundi stjórnarinnar 29. september 2009 var eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða:

„Með hliðsjón af ástandi efnahagsmála, m.a. lækkandi kaupmætti launa, telur stjórn vinnudeilusjóðs rétt að félagsmenn njóti góðrar stöðu sjóðsins með lægri félagsgjöldum. Þeim tilmælum er því beint til stjórnar Kennarasambands Íslands að innheimtu 0,45% gjalds til vinnudeilusjóðs verði frestað fyrst um sinn og lækki félagsgjöld a.m.k. er því nemur. Ákvörðunin gildi til næsta þings KÍ árið 2011. Komi til vinnustöðvunar hjá aðildarfélagi KÍ á tímabilinu skuli stjórnir KÍ og vinnudeilusjóðs ákveða hvort 0,45% gjald skuli innheimt að nýju“.

Á fundi 16. október 2009 samþykkti stjórn KÍ tillögu stjórnar vinnudeilusjóðs um frestun á innheimtu 0,45% gjalds til sjóðsins og þar með lækkun félagsgjalda úr 1,55% í 1,1%. Á stjórnarfundum KÍ 20. nóvember 2009 var samþykkt að lækka hlut félagsgjalds í félagsgjöldum úr 1,1% í 1%.

Þar með var ákveðið að lækka félagsgjöld úr 1,55% í 1% miðað við föst laun félagsmanna. Lækkunin tók gildi frá og með 1. janúar 2010.

2.2 Ávöxtun sjóðsins og fjárfestingastefna.

Viðskiptabankar vinnudeilusjóðs eru fyrst og fremst BYR-sparisjóður og Landsbankinn- eignastýring. Lítið eitt af verðbréfum eru enn í vörslu BYR-verðbréfa og Íslenskra verðbréfa sem tóku við verðbréfasafni vinnudeilusjóðs

frá SPRON-verðbréfum við fall SPRON.

Aðrir bankar og verðbréfafyrirtæki hafa óskað eftir viðræðum við stjórn vinnudeilusjóðs KÍ um viðskipti. Ákveðið var að gera ekki breytingar á bankaviðskiptum á kjörtímabilinu.

Ávöxtun sjóðsins og fjárfestingastefna kom oft til umræðu á stjórnarfundum. Ákveðið var að innlánsreikningar sjóðsins verði í BYR-sparisjóði enda fáist þar álag á skráða vexti.

Á stjórnarfundum 16. mars 2009 var samþykkt að verja iðgjaldtekjum 2009 til kaupa á ríkisskuldabréfum. Var ákveðið að fela eignastýringadeild Landsbankans þá fjársýslu.

Á stjórnarfundum 22. sept. 2009 var eftirfarandi breyting gerð á stefnunni:

„Kjör á skuldabréfum og vixlum ríkissjóðs eru mjög misjöfn um þessar mundir. Stjórn samþykkir því að tekjur sjóðsins af félagsgjöldum skuli þar til annað verður ákveðið, leggja á innlánsreikninga, á bestu fánægum kjörum, án bindingar til lengri tíma en næstu áramóta“.

Greiðsla iðgjalda í vinnudeilusjóð féll niður frá 1. janúar 2010 og engar breytingar voru gerðar á fjárfestingastefnu sjóðsins á árinu.

2.3 Kostnaður greiddur af vinnudeilusjóði

Á árunum 2008 og 2009 tók vinnudeilusjóður þátt í kostnaði KÍ og aðildarfélaganna af eftirtöldum kostnaðarliðum:

- a) Lögræði- og dómskostnaði samkvæmt ákveðnum viðmiðunarreglum
- b) Kostnaði við gerð kjarasamninga m.a. kynningarstörfum og fundum, atkvæðagreiðslum og vinnu samninganefnda.

Kostnaður vinnudeilusjóðs af þessum liðum kemur fram í ársreikningum.

Greiðslur til KÍ og aðildarféлага féllu niður 2010 samkvæmt eftirfarandi samþykkt á stjórnarfundum 19. sept. 2009:

„Stjórn vinnudeilusjóðs KÍ samþykkir að á þeim tíma sem gjaldtaka í vinnudeilusjóð KÍ fellur niður mun vinnudeilusjóður ekki taka þátt í lögræðikostnaði KÍ eða greiðslu kostnaðar aðildarfélaganna við gerð kjarasamninga.“

3. STERK STAÐA VINNUDEILUSJÓÐS KÍ

Stjórn vinnudeilusjóðs KÍ leggur áherslu á mjög góða eignastöðu sjóðsins. Þrátt fyrir frestun á innborgun félagsgjalda í vinnudeilusjóð getur sjóðurinn gegnt mikilvægu hlutverki í kjarabaráttu félagsmanna KÍ hvenær sem er. Þá skal ítrekað að frestun innborgana er tímabundin. Á 5. þingi KÍ þarf að ákveða innheimtu félagsgjalda í sjóðinn eða áframhaldandi frestun og þá með því skilyrði að komi til vinnustöðvunar og útborgana úr vinnudeilusjóði hefjist innheimta félagsgjalda í sjóðinn að nýju.

11. janúar 2011

Fyrir hönd stjórnar vinnudeilusjóðs KÍ, Guðni Sig. Óskarsson formaður.

Skýrsla kjörstjórnar Kennarasambands Íslands fyrir kjörtímabilið 2008 til 2011

Á 4. þingi KÍ 9. til 11. apríl 2008 var ný kjörstjórn kosin fyrir kjörtímabilið 2008–2011. Í henni eiga sæti Bragi Halldórsson (FF), Helga Sighvatsdóttir (FT), Lóa Björk Hallsdóttir (FL), Sigurður Einar Lyngdal (FG) og Björk Helle Lassen (FG) en þau voru öll í fyrri kjörstjórn nema Björk sem kom ný inn. Varamenn voru kosnir Hákon Óskarsson (FF), Magnea Antonsdóttir (FG) og Vilborg Runólfsdóttir (SÍ). Á kjörtímabilinu sagði Sigurður sig úr kjörstjórn þegar hann fór á eftirlaun haustið 2009. Magnea Antonsdóttir tók þá sæti aðalmanns. Sigurði eru þokkuð vel unnin störf í þágu KÍ. Starfsmaður kjörstjórnar er Sigríður Sveinsdóttir og eru henni einnig þokkuð vel unnin störf á kjörtímabilinu. Kjörstjórn starfar skv. 14. gr. laga KÍ.

Á fyrsta fundi nýrrar kjörstjórnar 28. apríl 2008 var Bragi Halldórsson endurkjörinn formaður og Helga Sighvatsdóttir endurkjörin ritari.

Fram til 11. desember 2010 hefur kjörstjórn haldið 26 fundi og annast eftirfarandi allsherjaratkvæðagreiðslur:

1. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna Félags grunnskólakennara) og Launanevndar sveitarfélaga.

Þann 14. maí 2008 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi grunnskólakennara (FG) innan Kennarasambands Íslands um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna Félags grunnskólakennara) og Launanevndar sveitarfélaga sem skrifað var undir þann 28. apríl 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram þriðjudaginn 20. maí 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 4646

Atkvæði greiddu 4068 eða 87,5%

„Já“ sögðu 3221 eða 79,2%

„Nei“ sögðu 727 eða 17,9%

Auðir seðlar og ógildir 120 eða 2,9%

2. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna SÍ) og Launanevndar sveitarfélaga.

Þann 15. maí 2008 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Skólastjórafélagi Íslands (SÍ) innan Kennarasambands Íslands um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna SÍ) og Launanevndar sveitarfélaga sem skrifað var undir þann 30. apríl 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram miðvikudaginn 21. maí 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 594

Atkvæði greiddu 379 eða 63,8%

„Já“ sögðu 280 eða 73,9%

„Nei“ sögðu 98 eða 25,9%

Auðir seðlar og ógildir 1 eða 0,2%

3. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Þann 4. júlí 2008 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og

Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um framlengingu og breytingar á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sem skrifað var undir þann 16. júní 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram fimmtudaginn 10. júlí 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 1620

Atkvæði greiddu 732 eða 45,2 %

„Já“ sögðu 543 eða 74,2 %

„Nei“ sögðu 164 eða 22,4 %

Auðir seðlar og ógildir 25 eða 3,4 %

4. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Fjölmennrar.

Þann 13. ágúst 2008 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Fjölmennrar, sem skrifað var undir þann 1. júlí 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram fimmtudaginn 14. ágúst 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 37

Atkvæði greiddu 11 eða 29,7

„Já“ sögðu 6 eða 54,5 %

„Nei“ sögðu 4 eða 36,4 %

Auðir seðlar og ógildir 1 eða 9,1 %

5. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Fjöltækniskóla Íslands.

Þann 13. ágúst 2008 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Fjöltækniskóla Íslands, sem skrifað var undir þann 2. júlí 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram fimmtudaginn 14. ágúst 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 21

Atkvæði greiddu 8 eða 38,1%

„Já“ sögðu 6 eða 75 %

„Nei“ sögðu 2 eða 25%

Auðir seðlar og ógildir 0 eða 0%

6. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Menntaskóla Borgarfjarðar.

Þann 13. ágúst 2008 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag milli Kennarasambands

Íslands (vegna FF og FS) og Menntaskóla Borgarfjarðar, sem skrifað var undir þann 2. júlí 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram fimmtudaginn 14. ágúst 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 8

Atkvæði greiddi 1 eða 12, 5%

„Já“ sagði 1 eða 100%

„Nei“ sögðu 0 eða 0%

Auðir seðlar og ógildir 0 eða 0%

7. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Verzlunarskóla Íslands.

Þann 19. ágúst 2008 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Verzlunarskóla Íslands, sem skrifað var undir þann 7. ágúst 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram miðvikudaginn 20. ágúst 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 81

Atkvæði greiddu 33 eða 40,7%

„Já“ sögðu 27 eða 81,8%

„Nei“ sögðu 5 eða 15,2%

Auðir seðlar og ógildir 1 eða 3,0%

8. Úrslit í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu um framlengingu og breytingar á kjarasamningi Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara og Launaneðndar sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila, sem hún hefur samningsumboð fyrir.

Þann 21. desember 2008 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi leikskólakennara innan Kennarasambands Íslands um kjarasamning FL og Launaneðndar sveitarfélaga sem skrifað var undir þann 9. desember 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Niðurstöður lágu fyrir þann 22. desember 2008.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 1816

Atkvæði greiddu 872 eða 48%

„Já“ sögðu 433 eða 49,7 %

„Nei“ sögðu 348 eða 39,9 %

Auðir seðlar 91 eða 10,4 %

9. Úrslit í rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamning Félags tónlistarskólakennara (FT) og Launaneðndar sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila, sem hún hefur samningsumboð fyrir.

Þann 21. desember 2008 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi tónlistarskólakennara innan Kennarasambands Íslands um kjarasamning FT og Launaneðndar sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og

annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir og skrifað var undir þann 9. desember 2008 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Niðurstöður lágu fyrir strax að lokinni atkvæðagreiðslu þann 22. desember.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 568

Atkvæði greiddu 156 eða 27,5%

„Já“ sögðu 144 eða 92,3%

„Nei“ sögðu 4 eða 2,6%

Auðir seðlar 8 eða 5,1

10. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um kjarasamning Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara og Skóla ehf. Kt. 630800-2930.

Þann 14. apríl 2009 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi leikskólakennara innan Kennarasambands Íslands um kjarasamning FL og Skóla ehf., sem skrifað var undir þann 24. mars með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi félagsmanna. Niðurstöður lágu fyrir þann 16. apríl 2009.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 52

Atkvæði greiddu 16 eða 30,8%

„Já“ sögðu 7 eða 43,8%

„Nei“ sögðu 9 eða 56,2%

Auðir seðlar 0 eða 0 %

11. Úrslit í allsherjaratkvæðagreiðslu um samkomulag Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Þann 4. desember 2009 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, sem skrifað var undir þann 16. nóvember 2009 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram föstudaginn 4. desember 2009.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 1521

Atkvæði greiddu 265 eða 17,4%

„Já“ sögðu 174 eða 65,7%

„Nei“ sögðu 64 eða 24,2%

Auðir seðlar 27 eða 10,1%

12. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Fjölmenntar.

Þann 15. desember 2009 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Fjölmenntar, sem skrifað

var undir þann 4. desember 2009 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram laugardaginn 19. desember 2009.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 28

Atkvæði greiddu 11 eða 39,3%

„Já“ sögðu 9 eða 81,8%

„Nei“ sögðu 0 eða 0%

Auðir seðlar og ógildir 2 eða 18,2%

13. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Tækniskólans.

Þann 15. desember 2009 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Tækniskólans, sem skrifað var undir þann 7. desember 2009 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram laugardaginn 19. desember 2009.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 163

Atkvæði greiddu 30 eða 18,4%

„Já“ sögðu 23 eða 76,7%

„Nei“ sögðu 7 eða 23,3%

Auðir seðlar og ógildir 0 eða 0%

14. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Verzlunarskóla Íslands.

Þann 15. desember 2009 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Verzlunarskóla Íslands, sem skrifað var undir þann 7. desember 2009 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram laugardaginn 19. desember 2009.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 75

Atkvæði greiddu 37 eða 49,3%

„Já“ sögðu 26 eða 70,3%

„Nei“ sögðu 9 eða 24,3%

Auðir seðlar og ógildir 2 eða 5,4%

15. Úrslit í atkvæðagreiðslu um samkomulag milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Menntaskóla Borgarfjarðar.

Þann 15. janúar 2010 lauk atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum (FS) innan Kennarasambands Íslands um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Menntaskóla Borgarfjarðar,

sem skrifað var undir þann 6. janúar 2010 með fyrirvara um samþykki félagsmanna. Talning atkvæða fór fram miðvikudaginn 20. janúar 2010.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 15

Atkvæði greiddu 12 eða 80%

„Já“ sögðu 12 eða 100%

„Nei“ sögðu 0 eða 0%

Auðir seðlar og ógildir 0 eða 0%

16. Formannskjör til Kennarasambands Íslands kjörtímabilið 2011-2014

Framboðsfrestur vegna formannskjörs Kennarasambands Íslands rann út föstudaginn 15. október 2010. Í bréfi uppstillingarnefndar KÍ til kjörstjórnar frá 26. október 2010 kom fram að tvö framboð hefðu borist:

Elna Katrín Jónsdóttir, kt. 211054-5229

og

Þórður Á. Hjaltested, kt. 050458-3939.

Kjörstjórn ákvað að kosning færi fram skriflega til að tryggja sem almennasta þátttöku félagsmanna KÍ þegar fram færi í fyrsta sinn kosning meðal allra félagsmanna um nýjan formann KÍ. Kosningin fór fram skriflega meðal félagsmanna KÍ dagana 22. til 26. nóvember 2010. Atkvæði voru talin 11. desember 2010.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var þessi:

Á kjörskrá voru 10.128

Atkvæði greiddu 7.483 eða 73,9 %

Elna Katrín Jónsdóttir hlaut 3.529 atkvæði eða 47,2 %

Þórður Á. Hjaltested hlaut 3.609 atkvæði eða 48,2 %

Auðir seðlar og ógildir 345 eða 4,6 %

Þórður Á. Hjaltested er því rétt kjörinn formaður Kennarasambands Íslands næsta kjörtímabil 2011-2014.

17. Til aðildarfélaga og stjórnar Kennarasambands Íslands um kjör fulltrúa á 5. þing KÍ.

Stjórn Kennarasambands Íslands ákvað að 5. þing sambandsins verði haldið dagana 6. til 8. apríl 2011.

Samkvæmt ákvæðum í 15. gr. laga KÍ ber kjörstjórn að hafa yfirumsjón með fulltrúakjöri fyrir þing Kennarasambands Íslands.

Ákvæði um fjölda og kjör þingfulltrúa eru í 14. gr. laga KÍ en þar segir í 2. mgr.:

„Á þinginu eiga sæti með atkvæðisrétti stjórn KÍ, varaformenn félaga og einn fulltrúi fyrir hverja 50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu sem umfram kann að vera. Skulu þeir kosnir af félögum, skv. reglum þeirra og er kjörtímabil þeirra milli reglulegra þinga. Auk þess skal Félag kennara á eftirlaunum tilnefna fimm fulltrúa á þingið.“

Sjá að öðru leyti 14. gr. laga KÍ um þá sem eiga seturétt á þinginu.

Kjörstjórn ákvað á fundi 11. desember eftirfarandi um kjör þingfulltrúa:

Stjórnnum aðildarfélaga Kennarasambands Íslands er hér með falið að gangast fyrir kjöri fulltrúa á 5. þing KÍ samkvæmt lögum hvers félags.

Miðað við fjölda virkra félagsmanna í nóvember 2010 er fjöldi kjörinna þingfulltrúa fyrir hvert félag sem hér segir:

- FF – Félag framhaldsskólakennara 36 fulltrúar (1.769 fél.)
- FG – Félag grunnskólakennara 93 fulltrúar (4.647 fél.)
- FL – Félag leikskólakennara 41 fulltrúar (2.041 fél.)
- FS – Félag stjórnenda í framhaldsskólum 2 fulltrúar (93 fél.)
- FSL – Félag stjórnenda leikskóla 11 fulltrúar (513 fél.)
- FT – Félag tónlistarskólakennara 12 fulltrúar (554 fél.)
- SÍ – Skólastjórafélag Íslands 12 fulltrúar (558 fél.)

Að auki hafa lögbundinn þingseturétt:

- FKE – Félag kennara á eftirlaunum 5 fulltrúar
- Stjórn Kennarasambands Íslands 13 fulltrúar
- Varaformenn aðildarfélaga KÍ 7 fulltrúar

Verði breyting á fjölda virkra félagsmanna og þar með fjölda fulltrúa eftir kjör þingfulltrúa verður því mætt með flutningi milli aðal- og varamannalista viðkomandi félags.

Varamenn kjörinna fulltrúa:

Í hverju félagi skal kjósa jafn marga varamenn og þingfulltrúa. Með hvaða hætti varamenn taka sæti aðal- manna skal koma fram í tilkynningu félagsins um kjör þingfulltrúa.

Þegar þessi skýrsla er skrifuð er kjörtímabili kjörstjórnar ekki enn lokið. Ljóst er að hennar bíða mörg verkefni á næstu mánuðum þar eð kjarasamningar allra aðildarfélaga KÍ eru nú lausir og mikil óvissa ríkir um hvernig þeim muni reiða af.

Reykjavík 3. janúar 2011
Bragi Halldórsson,
formaður kjörstjórnar

Ýmsar nefndir

Vinnuumhverfisnefnd – skýrsla stjórnar 2008-2011

Á 4. þingi KÍ í apríl 2008 var mörkuð eftirfarandi stefna sambandsins í vinnuumhverfismálum sem vinnuumhverfisnefnd KÍ starfar eftir:

Ytra starf - markmið KÍ í vinnuumhverfismálum eru:

- Að stuðla að bættu vinnuumhverfi félagsmanna.
- Að vinnuumhverfi félagsmanna verði hluti af viðfangsefnum og stefnumótun skóla.
- Að efla starfsöryggi og vinna gegn kulnun í starfi, veikindum og ótímabæru brotthvarfi úr starfi.

Framkvæmd:

- KÍ beitir sér fyrir úrbótum á vinnuumhverfi kennara og stjórnenda í samstarfi við stjórnvöld og viðsemjendur.
- KÍ vinnur að því að styrkja samstarf heildarsamtaka opinberra starfsmanna í

vinnuumhverfismálum, samstarf við erlend kennarasamtök um þessi mál, og gagnkvæma þekkingarmiðlun um þau.

- KÍ gerir sjálfstæðar kannanir á vinnuumhverfismálum og kannanir í samvinnu við viðsejendur, stjórnvöld, önnur stéttarfélög og hugsanlega fræðastofnanir.

Innra starf - markmið KÍ í vinnuumhverfismálum eru:

- Að auka vitund félagsmannanna um mikilvægi góðs vinnuumhverfis, að efla áhrif félagsmanna á vinnuumhverfi sitt og þátttöku þeirra í stefnumótun um það.
- Að hvetja stjórnendur, kennara, trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn til að vinna að bættu starfsumhverfi skólanna í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980), reglur og reglugerðir sem varða vinnuvernd.
- Að aðstoða stjórnendur, kennara og trúnaðarmenn við úrlausn vandamála tengd vinnuumhverfinu komi þau upp.

Framkvæmd:

- Fræðsla um vinnuumhverfismál, vinnuaðstæður og líðan á vinnustað verður augin og gerð grein fyrir áhrifum þessa á heilsu, starfsánægju og sjálfsmynd. Fræðslu verður beint að stjórnendum, trúnaðarmönnum og félagsmönnum bæði í gegnum útgáfu KÍ, Skólavörðuna og heimasíðuna, ásamt því að haldin verða námskeið, fundir, ráðstefnur og/eða málþing um vinnuumhverfismál.
- Nefnd um vinnuumhverfismál verður starfandi á vegum KÍ sem starfar fyrir alla félagsmenn með sama hætti og sameiginlegir sjóðir, nefndir, ráð og svið þess. Nefndin heyrir undir stjórn KÍ og er fag- og starfsnefnd hennar og annarra meginstofnana KÍ í vinnuumhverfismálum.
- Starfsmaður KÍ í vinnuumhverfismálum veitir stjórnendum, kennurum og trúnaðarmönnum ráðgjöf og aðstoð.
- KÍ setur fram verklagsreglur fyrir trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn í vinnuumhverfismálum.

Ábyrgð

Ábyrgðin á framkvæmd stefnunnar hvílir á kjörnum fulltrúum Kennarasambandsins, starfsfólki þess og félagsmönnum.

Á fundi stjórnar KÍ haustið 2008 voru tilnefndir fimm fulltrúar í vinnuumhverfisnefnd, einn frá hverju aðildarfélagi KÍ að FS undanskildu. Þeir fulltrúar voru: Anna Guðmundsdóttir, SÍ, Ásdís Ingólfssdóttir, FF, Petrea Óskarsdóttir, FT, Krístrún Hafliðadóttir, FL, og Sesselja G. Sigurðardóttir, FG, sem jafnframt var skipaður formaður. Krístrún sá sér ekki fært að starfa í nefndinni og í hennar stað kom Valgerður Anna Þórisdóttir, FL. Nefndin heyrir undir stjórn KÍ og er fag- og starfsnefnd hennar og annarra meginstofnana KÍ í vinnuumhverfismálum. Starfsmaður í vinnuumhverfismálum vinnur fyrir nefndina, stjórn KÍ og veitir jafnframt stjórnendum, kennurum og trúnaðarmönnum KÍ ráðgjöf og aðstoð. Hafdís Dögg Guðmundsdóttir er starfsmaður nefndarinnar í 50% starfi.

Nefndin tók til starfa haustið 2008 og til að framfylgja stefnu sambandsins setti hún sér eftirfarandi starfsáætlun fyrir tímabilið 2008-2011:

- Fræðsla til félagsmanna – á fundum, með rafrænum sendingum, á heimsíðunni og í Skólavörðunni – allt tímabilið.
- Fræðsla til trúnaðarmanna á námskeiðum og fundum – allt tímabilið.
- Verklagsreglur fyrir trúnaðarmenn – er í vinnslu. Verklök áætluð vorið 2009.
- Funda með fulltrúa BHM vegna hugsanlegs samstarfs – fyrir ársfund KÍ 2009.

- Senda Kjararáði KÍ tillögur sem styrkja vinnuumhverfið og nefndin telur að eigi heima í kjarasamningum – vorönn 2009.
- Þemavinna

Tileinka hverja önn skólaársins ákveðnu þema tengdu vinnuumhverfinu :

- vorönn 2009 – Líðan og samskipti á vinnustað
- haustönn 2009 – Heilsuefling
- vorönn 2010 – Vinnuumhverfið – hljóð, rödd, loft og lýsing
- haustönn 2010 – Varnir og viðbrögð gegn einelti og áreitni
- vorönn 2011 – Líkamsbeiting og aðbúnaður á vinnustað

Fylgja hverju þema eftir með grein, viðtali eða öðru efni í Skólavörðunni á hverri önn.

Með einhvers konar „vinnuumhverfisbólu“ á heimasíðunni einu sinni í mánuði.

Hvetja skólastjórnendur til að tileinka þemanu einn dag eða viku á önninni.

- Endurskoða stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum – fyrir 5. þing KÍ 2011.

Vel gekk að vinna samkvæmt áætluninni í flestum atriðum. Formlegir stjórnarfundir hafa verið sjö á tímabilinu og tveir sameiginlegir fundir hafa verið með stjórnnum jafnréttisnefndar KÍ og Siðaráðs KÍ. Auk þess hafa formaður og/eða starfsmaður setið boðaða fundi með ráðuneytum, Vinnueftirlitinu o.fl. ásamt því að sækja ráðstefnur, málþing og fræðslufundi þar sem fjallað hefur verið um vinnuumhverfismál. Starfsmaður hefur verið með kynningar á málaflokknum á fundum á vegum aðildarfélaganna KÍ þegar þess hefur verið óskað.

Málaflokkurinn fékk sérstakt svæði á heimasíðu KÍ undir heitinu „vinnuumhverfismál“ og þar er að finna margvíslegar upplýsingar og tengla er varða vinnuumhverfismál. Þematengda „vinnuumhverfisbólun“ á einnig sinn stað á síðunni en tilgangur hennar er að auka vitund félagsmanna um vinnuumhverfi sitt með upplýsingum sem falla undir þema hværrar annar og tilvísanir á ýmislegt því tengdu. Ný „bóla“ birtist að jafnaði mánaðarlega.

Upplýsingar, sem aflað er og berast nefndinni um það sem snýr að vinnuumhverfinu, hafa jafnóðum verið sendar út til trúnaðarmanna, skólastjórnenda og allra félagsmanna eftir því sem við á. Þar getur verið um að ræða tilkynningar um ráðstefnur, fundi og þess háttar, sem haldið er á vegum Vinnueftirlitsins, Lýðheilsustöðvar og fleiri aðila og nefndin telur eiga erindi til félagsmanna, auk fræðsluefnis. Jafnframt er slíkt efni sett inn á heimasíðuna.

Formaður sótti ráðstefnu ETUCE (European Trade Union Committee for Education) í Brussel dagana 16.-17. febrúar 2009. Heiti ráðstefnunnar var „Risk assessment systems, inclusion of psychosocial hazards in social dialogue and teachers unions H&S strategies“ og fjallaði um starfsáætlun ETUCE varðandi heilsu og öryggismál, með sérstakri áherslu á vinnustreitu kennara. Þátttakendur voru víðs vegar að úr Evrópu.

Í samvinnu við lögfræðing KÍ voru útbúnar leiðbeiningar um ferli eineltismála á vinnustað og um ferli vegna ofbeldis nemenda gagnvart kennara. Einnig var prentaður bæklingur fyrir stjórnendur um einelti á vinnustað. Þessu efni var dreift til allra trúnaðarmanna og stjórnenda í KÍ í maí 2009 ásamt því að efnið er á heimasíðunni.

Hugmyndum nefndarinnar sem miða að því að veita félagsmönnum, og þá sérstaklega trúnaðarmönnum og stjórnendum, meiri fræðslu, stuðning og fleiri úrræði var komið á framfæri í bréfi til stjórnar KÍ í október 2009. Í framhaldi af því tók starfsmaður þátt í undirbúningi fundaherferðar KÍ fyrir trúnaðarmenn á vormánuðum 2010 sem báru yfirskriftina „Á trúnó“. Útbúið var efni fyrir fundina um samskipti á vinnustað, bætt starfsumhverfi og heilsueflingu ásamt upplýsingum um starfsendurhæfingu. Í bréfi til stjórnar var líka reifuð sú hugmynd að koma á faghandleiðslu í skólum og er það mál í vinnslu.

Í lok nóvember 2009 var gerð könnun meðal félagsmanna þar sem spurt var hvað þeir gerðu til að lyfta upp starfsandanum á vinnustaðnum. Þar kom margt athyglisvert í ljós, könnunin hefur verið birt á heimasíðunni og henni voru gerð skil í Skólavörðunni.

Bréf barst stjórn KÍ frá dönsku kennarasamtökunum DLF (*Danmarks Lærerforening*) þar sem boðað var til fundar um samstarf norrænu kennarafélaganna um vinnuumhverfismál og var nefndin beðin um að taka

að sér þetta verkefni. Fundurinn var haldinn 31. maí til 1. júní 2010 í Kaupmannahöfn og formaður og starfsmaður mættu á fundinn. Á fundinn komu tveir fyrirlesarar og héldu erindi um vinnuumhverfismál auk þess sem umræður fóru fram um helstu viðfangsefni hverra samtaka og um frekara samstarf í málaflokknum. Niðurstaða fundarins var sú að viðkomandi hópur yrði óformlegt netverk um vinnuumhverfismál og þátttakendur munu skiptast á upplýsingum og undirbúa sig fyrir fundi til að geta deilt og rætt fyrirfram ákveðin viðfangsefni. Fengnir verða sérfræðingar á hverjum stað til að halda erindi. Fundir verða haldnir árlega og næsti fundur er áætlaður 30. til 31. maí 2011 í Osló.

Í nóvember 2010 voru formaður og starfsmaður með erindi á fræðslufundum KÍ fyrir skólastjórnendur sem báru yfirskriftina „Velferð í vinnunni“. Fundaferðin var samstarfsverkefni nefndarinnar, Sjúkrasjóðs KÍ, Virk – Starfsendurhæfingarsjóðs og launafulltrúa KÍ. Þar var fjallað um veikindarétt kennara, starfsemi Sjúkrasjóðs og Starfsendurhæfingarsjóðs og um vinnuvernd (þ.m.t. áhættumat), heilsueflingu og starfsumhverfi kennara. Skipulagðir voru þrettán fundir um landið þar sem stjórnendum allra skólagerða á hverju svæði var boðið að koma. Rúmlega 200 stjórnendur mættu á fundina og þóttu þeir takast vel. Fundarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með þetta framtak KÍ og þökkðu fyrir gagnlega fræðslu.

Hafin er samvinna vinnuumhverfisnefndar við siðaráð KÍ og jafnréttisnefnd KÍ með það í huga að stilla saman strengi varðandi fræðslu og upplýsingar til félagsmanna. Stjórnir þessara nefnda hittust og ræddu starf hvernar nefndar og hugsanlegt samstarf. Niðurstaðan varð sú að einelti og áreitni á vinnustað væri það viðfangsefni sem beina ætti sjónum að. Haldinn var fræðslufundur fyrir nefndarfólk og fleiri þar sem fulltrúar úr ráðuneytum menntamála, heilbrigðis og fjármála auk fulltrúa frá mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem unnið hafa að stefnumótun og rannsóknum á þessu sviði, miðluðu af þekkingu sinni. Á þinginu 2011 verður lögð fram ályktun frá þessum nefndum um verklag vinnuveitenda við úrlausn eineltismála og viðbrögð við annarri ótilhlýðilegri háttsemi sem kennarar verða fyrir á vinnustöðum.

Að lokum verður tillaga um áframhaldandi starf nefndarinnar ásamt endurskoðaðri stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum lögð fyrir þingið 2011.

Jafnréttisnefnd

Ársskýrsla jafnréttisnefndar KÍ fyrir tímabilið 1. janúar – 31. desember 2010

Fulltrúar í nefndinni voru:

Björk Óttarsdóttir, formaður, Hanna María Kristjánsdóttir, ritari, Jón Páll Haraldsson, Hulda Egilsdóttir, Kristín Helgadóttir og Guðbjörg Ragnarsdóttir .

Kristín Helgadóttir sagði af sér nefndarstörfum í ágúst og kom Guðbjörg Ragnarsdóttir í hennar stað.

Nefndin fundaði samtals sex sinnum á tímabilinu.

Nefndin lauk við tillögu að nýrri jafnréttisstefnu fyrir KÍ sem var svo samþykkt á fundi stjórnar KÍ og verður í framhaldinu lögð fyrir 5. þing KÍ til afgreiðslu.

Nefndin las yfir og ræddi frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Nefndin gerði engar athugasemdir við orðalag eða annað en finnst mikilvægt að hugsað sé um einstæða foreldra þar sem faðir nýtir ekki fæðingarorlofið.

Nefndinni barst bréf með kröfu um að jafnréttisnefnd KÍ kosti málssókn mannréttindalögmanns gagnvart brotlegum aðilum í tengslum við fyrrverandi vinnustað fyrrverandi félagsmanns, sem hann telur tengjast broti á 22. gr. jafnréttislaga frá árinu 2000. Nefndin fundaði með viðkomandi fyrrverandi félagsmanni og hlustaði á málstað hans. Formaður nefndarinnar gerði viðkomandi grein fyrir hlutverki jafnréttisnefndar KÍ og að það væri ekki á færi nefndarinnar að koma til móts við þessa kröfu.

Nefndinni barst erindi varðandi auglýsingu í Eplinu þann 17. september 2010; „Dekurhelgi fyrir kennslu-

konur“. Hér var verið að auglýsa vöru sem var boðin til kaups tilteknum markhópi. Í þessu tilviki var markhópurinn annað kynið. Jafnréttisnefnd svaraði erindinu og er sammála að það sé óheppilegt að Eplið hafi frumkvæði að atburði sem þessum en telur þó ekki að Eplinu sé óheimilt að auglýsa vörur fyrir einn markhóp. Ritstjóra var sent bréf þar sem honum er bent á sjónarmið jafnréttisnefndar. Jafnréttisnefnd telur ekki þörf á frekari aðgerðum varðandi þetta mál.

Jafnréttisnefnd var í samvinnu við siðaráð KÍ og vinnuumhverfisnefnd KÍ varðandi tillögu að ályktun um eineltismál, tillagan verður lögð fyrir 5. þing KÍ.

Kristín Helgadóttir var fulltrúi KÍ og jafnréttisnefndar í undirbúningshópi fyrir fund sem haldinn var í tilefni af baráttudegi kvenna 8. mars í Ráðhúsi Reykjavíkur í samvinnu við Friðar- og menningarsamtök kvenna og önnur kvenréttindasamtök.

Björk Óttarsdóttir var fulltrúi KÍ og jafnréttisnefndar í undirbúningshópi fyrir hádegisverðarfund í tilefni af baráttudegi kvenna 8. mars sem haldinn var á Grand Hótel í samvinnu allra launþegasamtaka.

Hulda Egilsdóttir var fulltrúi KÍ og jafnréttisnefndar í undirbúningshópi fyrir útifund sem haldinn var í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins 24. október.

Björk Óttarsdóttir

Siðaráð

Skýrsla um störf siðaráðs Kennarasambands Íslands á árinu 2010

Þegar siðaráð KÍ var fyrst skipað árið 2009 áttu sæti í því Atli Harðarson tilnefndur af FF og FS, Jóhannes Þór Skúlason tilnefndur af FG, og Linda Ósk Sigurðardóttir tilnefnd af FL. Vorið 2010 gekk Jóhannes Þór úr ráðinu og Brynja Áslaug Sigurðardóttir kom inn í hans stað sem fulltrúi FG. Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ er tengiliður siðaráðs við stjórn KÍ og hún situr fundi ráðsins.

Fundir

Siðaráð fundaði alls ellefu sinnum á árinu 2010: 21. janúar, 18. febrúar, 23. mars, 27. apríl, 19. maí, 19. ágúst, 14. september, 7. október, 20. október, 25. nóvember og 16. desember.

Fundirnir 18. febrúar og 7. október voru sameiginlegir fundir siðaráðs, jafnréttisnefndar og vinnuumhverfisnefndar.

Fundargerðir allra fundanna nema þeirra sameiginlegu (18. febrúar og 7. október) liggja frammi á vef KÍ.

Kynning á siðareglum

Þegar árið 2010 gekk í garð höfðu fulltrúar í siðaráði að mestu mótað sameiginlegan skilning á hlutverkum ráðsins og heppilegum viðfangsefnum og orðið sammála um að leggja fyrst í stað einkum áherslu á að koma á og viðhalda umræðum um siðareglur.

Undirritaður mætti á stjórnarfund KÍ þann 15. janúar og á ársfund KÍ þann 16. apríl. Á þessum fundum var gerð grein fyrir vinnu siðaráðs og skilningi þess á hlutverkum sínum.

Það sem helst hefur verið gert á árinu til að vekja athygli á siðareglum kennara er að láta prenta eintök af þeim fyrir alla félagsmenn í aðildarfélögum KÍ og fela skrifstofu sambandsins að dreifa þeim. Til að vekja umræðu um siðareglurnar var einnig haft samráð við ritstjóra Skólavörðunnar og menn sem kunnir eru af skynsamlegri umfjöllun um menntamál fengnir til að skrifa pistla um þær til birtingar í blaðinu. Fimm tölublöð Skólavörðunnar komu út á árinu og í þeim öllum var umfjöllun um siðareglur kennara.

Í samráði við ritstjóra Skólavörðunnar hefur verið ákveðið að halda áfram að fjalla um siðareglur og siðferðilegar hliðar skólastarfs á næsta ári. Stefnt er að því að birta viðtöl við fræðimenn um þetta efni.

Samstarf við jafnréttisnefnd og vinnuumhverfisnefnd - um einelti og áreiti á vinnustöðum

Á árinu tókst gott samstarf milli siðaráðs, jafnréttisnefndar og vinnuumhverfisnefndar. Formenn þessara þriggja nefnda hittust nokkrum sinnum á árinu og þann 6. maí rituðu þeir stjórn KÍ bréf þar sem þess var óskað að nefndirnar fengju sameiginlegan starfsmann. Í niðurlagi bréfsins sagði:

Það er mat jafnréttisnefndar, vinnuumhverfisnefndar og siðaráðs að samvinna þessara stofnana verði farsælli og árangursríkari ef þær hafa sameiginlegan starfsmann í hlutastarfi.

Við óskum því eftir því við stjórn Kennarasambandsins að jafnréttisnefnd, vinnuumhverfisnefnd og siðaráð fái sameiginlegan starfsmann.

Undir þetta rituðu Atli Harðarson formaður siðaráðs, Björk Óttarsdóttir formaður jafnréttisnefndar og Sesselja G. Sigurðardóttir formaður vinnuumhverfisnefndar.

Þessar þrjár nefndir héldu sameiginlegan fræðslufund um einelti og áreiti á vinnustöðum. Fundurinn, sem var haldinn í Gerðubergi þann 7. október, heppnaðist vel. Fyrirlesarar voru: Ágústa Hlín Gústafsdóttir frá Fjármálaráðuneytinu, Guðni Olgeirsson frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sigurbjörg Helgadóttir frá Menntasviði Reykjavíkur, Þór G. Þórarinsson frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Í framhaldi af fundinum í Gerðubergi var samin ályktun til að leggja fyrir þing KÍ í apríl 2011. Stefnt er að áframhaldandi samvinnu við jafnréttisnefnd og vinnuumhverfisnefnd á næsta ári.

Endurskoðun á siðareglum

Á árinu hóf siðaráð vinnu við endurskoðun á texta siðareglanna í samræmi við samþykkt 4. þings KÍ þar sem sagði að eitt af hlutverkum ráðsins væri að „vinna að endurskoðun og útfærslum á siðareglum kennara.“ Markmið þessarar endurskoðunar hafa einkum verið að meitla textann og stytta án þess að innihaldið rýrnaði. Þegar þetta er ritað liggur fyrir tillaga um texta sem er talsvert styttri en gildandi siðareglur (tillagan er 115 orð en gildandi reglur 250 orð að lengd). Efnislegar breytingar eru þær helstar að bætt er við ákvæðum um að kennari efli með nemendum gagnrýna hugsun og vinni gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.

Siðaráð stefnir að því að kynna tillögu um breytingu á texta siðareglna fyrir stjórn KÍ í byrjun árs 2011 og leggja hana fyrir þing sambandsins í apríl.

Beðið eftir svári frá forseta menntavísindasviðs HÍ

Í skýrslu um störf siðaráðs á árinu 2009 var þess getið að í október á því ári hefði siðaráð sent forseta menntavísindasviðs HÍ bréf og óskað eftir viðræðum við fulltrúa menntavísindasviðs um hlut siðfræði í kennaranámi. Svar við þessu bréfi hefur enn ekki borist.

Akranesi 7. janúar 2011

Atli Harðarson formaður siðaráðs Kennarasambands Íslands

Erlent samstarf

NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd)

Norrænu kennarafélögin hafa átt með sér mikið og náið samstarf á undanförunum árum á vettvangi NLS. Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólastjóra á Norður-löndum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Eiríkur Jónsson sem gegndi stöðu formanns samtakanna árið 2006, Elna Katrín Jónsdóttir og Marta D. Sigurðardóttir. Ísland tók við formennsku í samtökunum í árslok 2010 og gegnir Eiríkur Jónsson formennsku þar til í maí 2011. Á vorkundi stjórnar NLS tekur viðtakandi formaður KÍ, Þórður Á Hjaltested við formennsku í NLS. Fulltrúar félaga í einstaka deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Þórður Hjaltested í grunnskóladeild, Ingibergur Eliasson og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og Fjóla Þorvaldsdóttir og Sveinlaug Sigurðardóttir í leikskóladeild.

Árið 2010 var formennska samtakanna í höndum Mimi Bjerkestrand formanns Uddanningsförbundet í Noregi. Förbundseminar NLS 2009 fór fram í Finnlandi og einnig Sumarnámskeið NLS árið 2010.

Árið 2011 fara báðir stjórnarfundir NLS fram á Íslandi. Sama gildir um fundi í deildum. Þá verður Förbundseminar NLS haldið á Íslandi í september og að lokum má nefna að sumarnámskeið NLS verður haldið á Íslandi í júní 2012. Það má því með sanni segja að KÍ og Ísland gegni lykilhlutverki í starfsemi NLS næstu misserin.

Styrkur til Haítí

Stjórn KÍ tók þá ákvörðun strax eftir jarðskjálftana miklu á Haítí að styrkja endurreisn skólastarfs þar með tveggja milljón króna framlagi. Styrkurinn var sendur til EI alþjóðasamtaka kennara en samtökin reka neyðarsjóð sem notaður er til að styðja við skólastarf hjá bágstöddum þjóðum. Eftir því sem best er vitað var styrkurinn frá Íslandi hæsti styrkurinn sem barst ef tekið er mið af fjölda félagsmanna innan KÍ.

Í þessu sambandi má einnig geta þess að Ólafur Loftsson formaður FG var í hópi þeirra björgunarsveitamanna frá Íslandi sem fyrstir komu til Haítí eftir að jarðskjálftinn reið yfir. Sjá nánar um erlent samstarf á bls. 18-19.

Niðurlag

Kjörtímabilið sem nú er að renna sitt skeið hefur í senn verið viðburðaríkt og sérstakt. Á 4. þingi KÍ sem haldið var vorið 2008 voru blikur á lofti varðandi efnahagsmál þjóðarinnar. Vextir voru hækkaðir í áður óþekktar stærðir dagana sem þing stóð yfir og í kjölfarið fylgdi mikil óvissa og óróleiki í samfélaginu. Það var þó ekki fyrr en á haustmánuðum sem áfallið dundi yfir. Gegndarlaus græðgi og óráðsía innan fjármálakerfisins um árabíl kom nú á fullum þunga í bakið á þjóðinni. Bankarnir hrundu hver af öðrum eins og spilaborgir og almenningur stóð ráðþrota. Eftirlitskerfið hafði brugðist og ríkisstjórnin réði ekki neitt við neitt. Mótmæli settu svip sinn á miðbæinn og ástandið var vægast sagt óvanalegt. Því miður verður að segja sem er að enn hefur ekki tekist nema að litlu leyti að vinna úr þeim gríðarlega vanda sem efnahagshrunið olli heimilum og fyrirtækjum í landinu.

Þegar þetta er skrifað er enn mikil óvissa ríkjandi. Skólarnir hafa orði fyrir barðinu á óvægnum niðurskurði og hætt er við að skólastarf muni verða lengi að rétta úr kútnum ef fram fer sem horfir með skerðingaráform yfirvalda.

Kjarasamningar hafa ekki verið gerðir við yfirgnæfandi meirihluta félagsmanna KÍ í hátt í tvö ár þannig að kaupmáttarhrap félagsmanna hefur verið tilfinnanlegt.

Kennarasamband Íslands hefur allt frá hruni barist fyrir því að skólastarfi verði hlíft við niðurskurði og fært fram ótal rök í því sambandi. Því miður hefur verið talað fyrir daufum eyrum sveitarstjórnarmanna og eins hefur ríkisstjórnin gengið hart fram í niðurskurðinum. Enn sem komið er hefur menntamálaráðherra þó staðið gegn hugmyndum sveitarstjórnarmanna um að fá lögum breytt þannig að ganga megi lengra í niðurskurðinum.

Kennarasamband Íslands hefur sett hagsmuni nemenda í fyrsta sæti í allri umræðu um skólastarfið. Félagsmenn hafa unnið undir miklu álagi á launum sem eru alls ekki samboðin því mikilvæga starfi sem unnið er í skólunum. Viðhorf of margra forystumanna sveitarfélaganna hafa verið neikvæð í garð kennara og lýsa oftár en ekki fullkominni vanþekkingu á skólastarfi. Nauðsynlegt er að Kennarasambandið haldi áfram öflugum málflutningi til varnar skólastarfi og leggi þannig sitt af mörkum til að lágmarka þann skaða sem niðurskurðurinn veldur.

Öll él birtir upp um síðir og það er einlæg von mín að bráðum birti upp og uppbyggingarstarfið geti hafist. Einungis með öflugu menntakerfi getum við búist við því að Ísland verði í hópi þeirra ríkja sem geta státað af hagvexti og góðum lífsskilyrðum.

Ég óska Kennarasambandi Íslands velfarnaðar í mikilvægum störfum á komandi árum. Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem ég hef unnið með á vettvangi KÍ og samstarfsaðila undanfarin ár. Ég kveð Kennarasamband Íslands með virðingu og þökk.

Eiríkur Jónsson

Fylgiskjal

Verkaskipting formanns og varaformanns KÍ

Verkefni sem eru sameiginleg fyrir formann og varaformann KÍ

- Miðlun persónulegrar sérþekkingar og reynslu innan KÍ með greinaskrifum, fræðslu - m.a. til trúnaðarmanna og á vettvangi KÍ og annarra opinberra starfsmanna, þátttöku í ráðstefnum og fundum og skipulagningu og þátttöku í námskeiðum innan og utan KÍ.
- Yfirumsjón með umsögnum um lög og reglugerðir sem koma til umsagnar KÍ.
- Aðstoð við aðildarfélög við gerð kjarasamninga eftir nánari ákvörðun hvers félags.
- Skipulagning og stýring árlegs vinnufundar á félagssviði þar sem fjallað er um starfsemina, þróun verklags og verkaskiptingar einstaklinga, þekkingarmiðlun og endurmenntunarmál.
- Samstarf við önnur samtök launafólks innanlands og utan.
- Tengsl við fjölmiðla.

Meginverkefni formanns KÍ

- Er formaður stjórnar sambandsins, ber ábyrgð á starfseminni og hefur yfirumsjón með rekstri þess á grundvelli laga KÍ.
- Undirbýr stjórnarfundi, stjórnar þeim og ber ábyrgð á að koma ákvörðunum stjórnarfunda í framkvæmd.
- Hefur yfirumsjón með gerð og árlegri endurskoðun starfsáætlunar KÍ
- Ber ábyrgð á samantekt stuttrar ársskýrslu.
- Sinnir frumkvæðis-, þróunar- og samræmingarhlutverki um þróun í starfi innan KÍ.
- Vinnur með skrifstofustjóra að þróun starfsmannahalds, þjónustusamningum við sjóði KÍ og öðru sem tengist daglegum rekstri sambandsins.
- Hefur yfirumsjón með starfi nefnda KÍ á sviði félagsmála og kjaramála.
- Sinnir erlendu samstarfi á sviði félags og kjaramála.
- Hefur yfirumsjón með samskiptum við lögmennt.

Stór einstök viðfangsefni formanns KÍ

- Formennska í kjararáði, skipulagning þess starfs, samskipti við aðila vinnumarkaðarins og mat á árangri við að koma áherslum 3. þings KÍ á sviði kjaramála í framkvæmd í nánu samstarfi við aðildarfélög KÍ.

- Yfirumsjón með túlkun réttindakafla kjarasamninga s.s. veikindaréttar, fæðingarorlofs og lífeyrisréttinda.
- Ber ábyrgð á því að innan KÍ sé heildaryfirsýn um samninga aðildarfélaga við sveitarfélög.
- Seta í stjórn LSR.
- Undirbúningur, skipulagning og fjármögnun hagdeildarstarfsemi með aðild KÍ.
- Ber ábyrgð á gerð ráðningarsamninga við starfsmenn.

Meginverkefni varaformanns KÍ

- Er varaformaður stjórnar sambandsins og staðgengill formanns í forföllum hans.
- Undirbýr stjórnarfundi í náinni samvinnu við formann og tekur þátt í að koma ákvörðunum stjórnarfunda í framkvæmd.
- Hefur yfirumsjón með málefnum sem falla undir skólamál, veitir umsagnir um þau og önnur verkefni sem þeim tengjast.
- Er tengiliður við menntamálaráðuneyti, Alþingi og aðrar stofnanir um skóla- og menntamál.
- Vinnur með formanni að mótun, undirbúningi og framsetningu starfsáætlunar KÍ.
- Sinnir frumkvæðis-, þróunar- og samræmingarhlutverki á sviði fræðslu-, símenntunar- og kynningarmála.
- Hefur yfirumsjón með starfi nefnda KÍ á sviði skólamála.
- Sinnir erlendu samstarfi á sviði skólamála.

Stór einstök viðfangsefni varaformanns KÍ

- Formennska í skólamálaráði, skipulagning þess starfs, undirbúningur ársfundar skólamálaráðs, samskipti við skólasamfélagið og mat á árangri við að koma áherslum 3. þings KÍ á sviði skólamála í virka framkvæmd í nánu samstarfi við aðildarfélög KÍ.
- Yfirumsjón með tíu punkta samkomulagi KÍ og menntamálaráðherra.
- Ber ábyrgð á því að innan KÍ sé heildaryfirsýn um samninga aðildarfélaga við ríkið.
- Mótun og gerð menntastefnu og símenntunaráætlunar í samvinnu við formann og skrifstofustjóra.



5. þing KÍ / 6.-8. apríl 2011 / Grand hóteli Reykjavík

